



**SKOÐUN** Sá sem tekur stöðu gegn krónunni tekur stöðu gegn almenningi, segir Guðmundur Andri Thorsson. **13**



**MENNING** Bakraddadívurnar í Ásýn- um segja tímabært að þær færi sig framur á sviðið. **26**



**SPORT** Fernando Torres var hetja Chelsea í gær er liðið skellti Man. City í stórleik helgarinnar. **22**

**OPIÐ 24 TÍMA**

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

**Iceland**

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur  
28. október 2013  
253. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

**FRÉTTIR**



**RÚV auglýsi meira**

Meningarmálaráðherra vill lækka framlög til RÚV og veita fyrirtækinu á móti rýmra svigrúm til að afla auglýsingatekna. **4**

**Sömu sökudólgarnir** Rannsókn sýnir að Íslendingar kenna enn þá sömu aðilum um efnahagshrunið 2008 og þeir gerðu fyrir fjórum árum. **4**

**Stríðið harðnar** Deila Þjóðverja og Bandaríkjamanna vegna meintra hlerana þeirra síðarnefndu á síma þýska kanslarans harðnar enn. **10**



Bolungarvík	1°	NA	11
Akureyri	2°	NA	10
Egilsstaðir	3°	N	10
Kirkjubæjarkl.	7°	N	6
Reykjavík	3°	NNA	10

**Minnkandi úrkoma** norðanlands ýmist snjócoma, slydda eða rigning en bjart með köflum sunnan til. Víða nokkuð hvasst fram eftir degi. **4**

**4 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Baðlínan | Fólk | Sorpa



## Íslandspóstur skýri taprekstur

Póst- og fjarskiptastofnun vill að Íslandspóstur skýri taprekstur í einstökum flokkum. Meta á hvort starfsemi með einkarétti niðurgreiði aðra þætti. Ríkisrekin samkeppni, segir framkvæmdastjóri Póstmiðstöðvarinnar.

**VIÐSKIPTI** Tap á samkeppnisrekstri Íslandspósts getur falið í sér niðurgreiðslu frá einkaréttarstarfsemi til samkeppnishlutans, að því er lesa má úr ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Úttekt sýnir að árið 2011 hafi tap Íslandspósts af samkeppnisrekstri numið tæpum 200 milljónum króna. Ef dreginn er frá kostnaðar sem Íslandspóstur reiknar vegna kvaðar um alþjónustu eykst tapið í 500 milljónir. Alþjónusta er kvöð á félagið um þjónustu við landsmenn, eins og póstdreifingu í öll hús.

PFS vill að Pósturinn geri nánari grein fyrir ástæðum

taprekstrar í einstökum þjónustuflokkum, svo að unnt sé að meta hvort um niðurgreiðslu sé að ræða eða ekki. Eigi að síður er áréttað að ekki hafi komið fram dæmi um að færsla kostnaðar í bókhaldi félagsins feli í sér „beina niðurgreiðslu einkaréttar á kostnaði vegna samkeppnisrekstrar“.

Hannes Hannesson, framkvæmdastjóri Póstmiðstöðvarinnar, hefur aðra sýn á málið. „Frá mínu sjónarhorni er það alþjónusta Íslandspósts sem greiðir niður samkeppnishlutann í dreifikerfi þeirra,“ segir Hannes sem kveðst telja Íslandspóst í

ríkisrekinni samkeppni við einkaðila.

PFS lagði fyrir Íslandspóst áætlun um það sem þarf að lagfæra og skoða nánar. Helga Sigríður Böðvarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspóst, segir aðgerðaráætlun þegar komna í gang. Hluti hennar sé að skilgreina loks kostnað við alþjónustu, sem líkast til sé umtalsvert meiri en áætlað sé í bókum félagsins.

„Þetta er það sem er að fara með okkur í dag, mjög miklar kröfur um þjónustu án þess að tekjur komi á móti,“ segir Helga Sigríður.

- óká, - jme sjá síðu 6

Frá mínu sjónarhorni er það alþjónusta Íslandspósts sem greiðir niður samkeppnishlutann í dreifikerfi þeirra.

Hannes Hannesson, framkvæmdastjóri Póstmiðstöðvarinnar



**STUÐ Í NESKIRKJU** Ómar Ragnarsson fór á kostum á tónleikum Hraunavina í Neskirkju í gær. Tónleikarnir voru haldnir til stuðnings baráttunni fyrir verndun Gálgahrauns og til heiðurs þeim sem handteknir voru í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Neyðarráðstafanir gerðar: Fárviðri skellur á í Bretlandi

**BRETLAND** Bretar bjuggu sig í gær undir eitt mesta færviðri sem skolið hefur á Bretlandi árum saman. Veðrið kallaði á neyðarráðstafanir á borð við þær að lestarferðir yrðu felldar niður og flugferðir sömuleiðis.

Fólk var eindregið hvatt til að halda sig heima í dag, að minnsta kosti eitt-hvað fram eftir morgni.

Veðrið skall á síðdegis í gær suðvestan til og átti að færast smám saman austur og norður yfir landið í dag. Undir kvöld má búast við því að Danir og Svíar fari að finna fyrir veðrinu.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, boðaði almanna-varnir á sinn fund í gær.

Gefnar hafa verið út flóðaviðvaranir og nokkrum brúm hefur verið lokað. Þá hefur verið ákveðið að sleppa sorphirðu í dag.



DAVID CAMERON

- gb

## Reyndur kafari leitar að kafbáti í Bandaríkjunum til að flytja til Íslands: Hyggst bjóða ferðir með kafbáti

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta er bara eins og að sitja í rútu neðansjávar,“ segir Ásgeir Einarsson kafari sem leitar að kafbáti í Bandaríkjunum sem hann hyggst nota í ferðaþjónustu við Ísland.

Ætlunin er að fara með hópa í neðansjávarferðir. Ásgeir hefur gengið með þessa hugmynd í maganum frá því að hann var lítill krakki.

„Þetta umhverfi er mun fallelgra

en hálendið, miklu fallelgra. Ég held að Breiðafjörðurinn verði ein mesta ferðamannaparadís í Evrópu í framtíðinni,“ segir hann.

Spurður hvað þetta kosti segir Ásgeir það „milljónaspursmál“. „Það eru margir fjársterkir aðilar að spá og spekulera með mér í þessu,“ svarar hann. Farmiði kosti tugir þúsunda króna, rétt eins og í þyrlluflugi.

- fb sjá síðu 26

Þarna er óspillt land og þarna eru menn ekkert að rífast um hraun og veg eða eitthvað annað.

Ásgeir Einarsson, kafari



Omega-3 á hverjum degi

**now** Molecularly Distilled Omega-3 Cardiovascular Support

Gæði • Hreinleiki • Virkni

Ljósmyndir 18 kr, slides 57 kr!

**GAGNVIRKNI**

www.gagnvirkni.is  
5174511  
Hamraborg 1, Kópavogi

Myndbönd: 3 fyrir 2 í okt.

LAKTÓSA FRÍ SÚRMJÓLK létt

**LÉTT OG LAKTÓSAFRÍ**

## SPURNING DAGSINS



Einar, eru bara slugsar á menntavísindasviði?

„Nei, en margir á rangri hillu í rannsóknaháskóla.“

Einar Steingrímsson, stæðfræðikennari í Skotlandi, segir starfsmenn á menntavísindasviði við HÍ skila alltof fáum fræðigreinum í alþjóðleg tímarit samanborið við önnur fræðasvið skólans.

Miðasölu á landsleikinn við Króatíu er frestað meðan annað álag á midi.is er mikið:

## Styttist í að miðasala hefjist á HM-leikinn

**ÍPRÓTTIR** Í dag skýrist væntanlega hvernær miðasala hefist á landsleik Íslands og Króatíu í næsta mánuði og verða þá upplýsingar um það settar á heimasíðu Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ). „Ég reikna með að þetta komi á síðuna á morgun,“ sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, þegar rætt var við hann í gær.

KSÍ hefur haft áhyggjur af því að miðasölukerfið hjá midi.is standist ekki álagið og því var ákveðið að fresta því að hefja sölu á meðan miðasala á aðra stórvíðburði er í fullum gangi.

Til að hindra að miðar verði seldir á svörtum markaði verður engum leyft að kaupa fleiri en átta miða á þennan leik, þar sem spilað verður um réttinn til að komast á heimsmeistaramótið í Brasilíu næsta sumar.

Þórir segist ekki vita hvort mikil eftirspurn hafi verið að utan en í netsölu hér á landi verði eingöngu seldir miðar innanlands. Aðrir verði að leita til knattspyrnusambands síns heimalands því að ákveðinn fjöldi miða verði tekinn frá til sölu erlendis.



**LANDSLIÐ KRÓATÍU** Kemur til Íslands í næsta mánuði. NORDIC PHOTOS/AFP

- gb



**SAMSTAÐA** Mikið fjör var á landsmótinu eins og sjá má á þessum hóp. Næsta landsmót verður haldið á Ísafirði að ári. MYND/BOGI BENEDIKTSSON

Landsmót æskulýðsfélaga kirkjunnar var haldið um helgina: Slógu tóninn gegn fátækt

**TRÚMÁL** 640 unglingar, leiðtogar og sjálfboðaliðar sóttu landsmót æskulýðsfélaga kirkjunnar sem var haldið um helgina í Reykjanesbæ. Dagskrá landsmótsins var fjölbreytt og var meðal annars haldið karnival fyrir íbúa Reykjanesbæjar auk þess sem hæfileika- og buningakeppni fór fram á föstudagskvöldið. Sigurvin Lárus Jónsson, prestur í Laugarneskirkju, sagði fræðslu um fátækt mikilvægan part af mótinu.

„Fræðslan á mótinu fjallaði um misskiptingu gæða og skyldu okkar sem kristinna manna til að berjast gegn misskiptingu. Við ræddum líka um Framtíðarsjóð Hjalparstarfs kirkjunnar en hann studdi tæplega hundrað börn á aldrinum sextán til tuttugu ára í fyrra til að komast úr félagslegri einangrun og hjálpa þeim til náms,“ sagði Sigurvin. - eh

Nýnasistar í Grikklandi: Þúsund styðja Gullna dögum

**GRIKKLAND, AP** Um þúsund manns komu saman í Aþenu á laugardag til að lýsa stuðningi við Gullna dögum, stjórnmálaflokk grískra þjóðernissinna. Gríska stjórnin hefur látið handtaka marga helstu ráðamenn flokksins og sakar þá um að stjórna glæpasamtökum.

Fyrr um daginn efndu andstaðingar flokksins til mótmælagöngu gegn fasisma. Lögreglan sá til þess að fylkingarnar myndu ekki mætast. - gb

Varnarorð forsætisráðherra: Umræðan um stjórnsmál galin

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir stjórnsmálumræðuna á Íslandi galna og nánast hættulega lýðræðinu. Þetta kom fram í viðtali við Sigmund í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær.

Sigmundur sagði mjög mikla tilhneigingu til að reyna ekki eingöngu að hanna atburðarás, heldur raunveruleika líka. „Það er þá gert með því að hamra á sömu hlutunum aftur og aftur í þeirri von að það festist.“ - hmp

## Óku 300 kílómetra eftir flökkukindum

Björgunarsveit ók 300 kílómetra til að ná í tvær kindur í Kverkfjöll. Fljótsdalshérað borgar leiðangurinn sem kostar ekki undir 100 þúsund krónum. 15 þúsund krónur fást fyrir ána og lambið í sláturhúsi. Ærnar reyndust frá Lækjarseli í Þistilfirði.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs finnst sjálfsagt að greiða björgunarsveitinni fyrir að ná í kindurnar,“ segir Sigvaldi H. Ragnarsson, fjallskilastjóri Jökuldals, norðan Jökulsár.

Þrjú björgunarsveitarmenn á bíl björgunarsveitarinnar Jökuls fóru fyrir nokkrum dögum inn í Hveragil austan í Kverkfjöllum til að ná í á með lambi en ferðamenn höfðu séð kindurnar á þessum slóðum og látið vita.

„Hún var langt að komin, í beinni loftlínu voru 200 kílómetrar heim til ærinnar sem er frá Fjallalækjarseli í Þistilfirði,“ segir Sigvaldi.

Kindurnar voru ágætlega haldnar, þó að beit væri takmörkuð þar sem þær voru.

„Þær höfðu einhverja hvönn að bíta þarna svo að líklega er hvannarbragð af þeim,“ segir Sigvaldi.

Ekki er búið að semja við björgunarsveitina um greiðslu. Dagsverk í smalamennsku segir Sigvaldi reiknað á 20 þúsund krónum. Þrjú menn kosti því 60 þúsund. Ríkið greiði 111 krónur í kílómetragjald fyrir venjulegan bíl á malbiki en hann viti ekki hvað hvað björgunarsveitarbíllinn kosti.

„Björgunarsveitarmennirnir óku 300 kílómetra leið til að ná í kindurnar svo þetta kostar ekki undir 100 þúsund krónum,“ segir Sigvaldi.

Til sammanburðar segir hann að fyrir lambið fáiist um 10 þúsund krónur í sláturhúsi og að ærin myndi leggja sig á um fimm þúsund krónur.

Sigvaldi segir að sveitarstjórnnum beri að hreinsa landið og því hafi verið ákveðið að ná í kindurnar. Hann segist reyndar spyrja sig að því hvort forsætisráðuneytið eigi ekki að greiða reikninginn þar sem kindurnar hafi verið í Vatnajökulshjólgarði. Þar eigi enginn upprekstur. Þjóðgarðar séu á forræði forsætisráðuneytisins og því ef til vill eðlilegt að senda reikninginn þangað á endanum. johanna@frettabladid.is



**SVARTIR SAUÐIR** Þær voru langt að komnar, kindurnar sem björgunarsveitarmenn úr Jökli náðu í upp í Kverkfjöll. Benedikt Arnarson og Bragi Björgvinsson eru ánægðir með gífturíka björgun. Hundurinn Krati fylgist glottandi með. FRÉTTABLAÐIÐ/AGNGAR BENEDIKTSSON



**HVERAGIL** Það var ekki mikil beit þar sem ærin og lambið héldu sig. Þrátt fyrir það voru kindurnar ágætlega haldnar.

„Þær höfðu einhverja hvönn að bíta þarna svo að líklega er hvannarbragð af þeim.“

Sigvaldi H. Ragnarsson fjallskilastjóri.

Hjörvar Steinn náði stórmeistaraáfangi í skák um helgina á eyjunni Rhodos: Þrettándi íslenski stórmeistarinn

**MENNING** Hjörvar Steinn Grétarsson náði þeim áfangi um helgina að verða stórmeistari í skák aðeins tuttugu ára gamall. Hann er þrettándi íslenski stórmeistarinn.

Hjörvar varð þar með næstýngsti Íslendingurinn til að verða stórmeistari. Helgi Áss Grétarsson varð stórmeistari árið 1994, þá sautján ára gamall.

Hjörvar vann fimm skákir af sjö á Evrópumóti klúbba sem haldið var á grísku eyjunni Rhodos. Árangurinn segir Hjörvar nokkuð langþráðan.

„Ég kláraði Verzlunarskólann í maí og tók mér ársfrí frá námi til að sinna skákinni betur. Ég reyni að æfa í fjóra til fimm tíma á dag.“

Næsta verkefni Hjörvars er Evrópumót landsliða í Póllandi en þangað heldur hann ásamt íslenska landsliðinu í byrjun nóvember. Aðspurður hvort atvinnumennska sé næsta skref svaraði Hjörvar að það væri ekki stefnan í dag.

„Ég stefni á að byrja aftur í námi næsta haust. Ætli ég fari ekki í lögfræði eins og margir stórmeistarar hafa gert,“ sagði Hjörvar. - eh



**STÓRMEISTARI** Hjörvar keppti með enska liðinu Jutes of Kent á Rhodos en flestir í liðinu eru mun eldri en hann. MYND/ÚR EINKASAFNI

Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyrnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**

# TAXA



## SÍÐASTI DAGUR!

# FREE

# AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM



AFNEMUM  
VIRÐISAUKASKATT  
AF ÖLLUM VÖRUM.  
TAX FREE TILBOÐ  
JAFNGILDIR **20.32%**  
AFSLÆTTI. AFSLÁTT-  
URINN ER Á KOSTNAÐ  
RÚMFATALAGERSINS.  
VIRÐISAUKA ER AÐ  
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ  
TIL RÍKISSJÓÐS.

SVONA ERUM VIÐ



**16,5 milljarðar króna** er sú fjárhæð, sem Íslendingar seldu vörur fyrir til Nígeríu árið 2012, en sama ár keyptum við þaðan vörur fyrir tvær milljónir.

Tveimur árum fyrr seldu Íslendingar vörur fyrir 10 milljarða til Nígeríu en keyptu þaðan vörur fyrir tvær milljónir.

Heimild: Hagstofa Íslands

Menntamálaráðherra hyggst auka aftur heimildir RÚV til auglýsingaöflunar:

# Ríkisútvarpið fái fleiri auglýsingamínútur

**STJÓRNMÁL** Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði í þættinum Sunnudagsmorgunn á RÚV í gær að hann hygðist lækka framlag ríkissjóðs til Ríkisútvarpsins um rúmlega tvö hundruð milljónir króna.

Þess í stað yrði RÚV heimilt að afla sér tekna á auglýsingamarkaði. Þannig mætti sýna um tólf mínútur af auglýsingum á klukkustund en þær mega aðeins vera átta mínútur eins og reglur segja til um núna.

Hugmyndir Illuga hafa fallið í grýttan jarðveg hjá þeim sem eru á sama auglýsingamarkaði og RÚV. Ingvi Hrafn, fram-

kvæmdastjóri ÍNN, sagði í gær að honum þætti fyrirhugað af ráðherra að gefa ríkinu frítt spil í auglýsingum.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir það hafa tekið mörg ár að ná fram takmörkunum á samkeppnismarkaði gagnvart RÚV.

„Eftirlitsstofnun Efta hefur gert athugasemdir við fyrirkomulagið og taldi það ekki standast EES-samninginn. Nú þegar bleikið er varla þornað á þeirri niðurstöðu ætla íslensk stjórnvöld að snúa til baka og opna fyrir meiri óeðlilega þátttöku RÚV,“ segir Ari.



**ILLUGI GUNNARSSON** Ráðherra telur fjármunum sem ætlaðir voru RÚV betur varið til dæmis hjá háskólunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MÓTMÆLENDUR Í MOSKVA** „Frelsi“ stendur skrifað á mótmælaborðanum sem borinn var í göngunni. NORDICPHOTOS/AFP

Púsundir manna mótmæla Pútín forseta í Rússlandi:

## Vilja fá pólitíska fanga lausa

**RÚSSLAND, AP** Nokkur þúsund stjórnarandstæðingar tóku þátt í mótmælum í Moskvu í gær og kröfðust þess að pólitískir fangar yrðu látnir lausir.

Mótmælin fóru friðsamlega fram, en skipuleggjendur þeirra höfðu fyrir fram fengið öll tilskilin leyfi til þess að efna til mótmælanna. Skipuleggjendurnir höfðu gert sér vonir um að þátttakendur yrðu að minnsta kosti 20 þúsund en þeir urðu ekki nema rúmlega fimm þúsund.

Mótmælendur báru myndir af fólki, sem hlotið hefur fangelsisdóm fyrir að mótmæla stjórnvöldum, svo sem meðlimum kvennapönksveitarinnar Pussy Riot og auðjöfrinum Mikhaíl Kodorkovskí.

Heimsókn frá Kína:

## Ma Kaí ræddi við Ólaf Ragnar

**UTANRÍKISMÁL** Ma Kaí, varaforsætisráðherra Kína, kom í gær ásamt sendinefnd sinni í heimsókn til Ólafs Ragnars Grímssonar forseta.

Á fundinum kom meðal annars fram að gerð samninga um fríverslun og gjaldeyrisskipti seðlabanka hefði sýnt að þessi ólíku lönd hafi skapað fordæmi um nýjungar í alþjóðlegri samvinnu.

Þá var mikið spjallað um vaxandi samvinnu Íslands og Kína um nýtingu jarðhita og rannsóknir á bráðnun íss og jökla á norðurslóðum og á Himalaja-svæðinu.

- gb

Lou Reed látinn, 71 árs:

## Hafði glímt við erfið veikindi

**TÓNLIST** Söngvaskáldið og gítarleikarinn Lou Reed er látinn í New York, 71 árs að aldri.

Reed var í hávegum hafður vegna áhrifa sem hann hafði á heilu kynslóðirnar af tónlistarfólki og tónlistaráhugafólki, allt frá því á sjöunda áratugnum þegar hann stofnaði hljómsveitina Velvet Underground og svo áfram á löngum sólóferli.

Að sögn umboðsmanns hans, Andrews Wylie, var banameinið tengt lifrarisgræðslu sem Reed gekkst undir nýlega, en hann hafði verið heilsuveill undanfarna mánuði.

- gb

# Sökudólgar hrunnsins enn sagðir þeir sömu

Rannsókn á hverjum Íslendingar kenna um efnahagshrunið sýnir að núverandi stjórnarflokkar eru enn taldir bera töluverða ábyrgð. Kjósendur hafi samt kosið flokkana aftur vegna kosningaloforða sem rímuðu við framtíðarvæntingar þeirra.

**STJÓRNMÁL** „Sýn Íslendinga á það hverjir öllu hruninu hefur ekki breyst frá árinu 2009 til 2013. En þeim virðist að einhverju leyti vera runnin reiðin því nú telur fólk alla aðila bera minni ábyrgð en árið 2009,“ segir Hulda Þórisdóttir, lektor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.



**HULDA ÞÓRISDÓTTIR**

Hulda kannaði hverjum Íslendingar kenna um efnahagshrunið og er rannsóknin unnin úr íslensku kosningarannsókninni sem gerð er eftir hverjar alþingiskosningar. Hún sýnir að kjósendum finnst viðskiptabankarnir, Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki, Sjálfstæðisflokkur og ríkisstjórn Geirs H. Haarde bera mesta ábyrgð á hruninu, bæði árið 2009 og 2013.

Það sýnir að kjósendur hafa engu gleymt og finnst stjórnarflokkarnir enn bera töluverða ábyrgð. Út frá þeim niðurstöðum rannsakandi Hulda næst af hverju Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur voru eigi að síður kosnir aftur til valda á þessu ári.

„Árið 2009 kaus fólk út frá liðnum atburðum og traust var brostið. Árið 2013 kaus fólk út frá framtíðarvæntingum. Samkvæmt rannsókninni fannst kjósendum skuldavandi heimilanna vera mikilvægasta pólitíska



**BANKAR** Kjósendur segja viðskiptabankana bera mesta ábyrgð á efnahagshruninu Fréttablaðið VILHELM GUNNARSSON

verkefnið fyrir kosningarnar og kjósendur voru jafnframt mjög ánægðir með framgöngu Framsóknarflokksins í Icesave-málinu. Þannig að flokkurinn var með kosningaloforð sem rímaði við væntingar kjósenda og þar að auki ákveðinn trúverðugleika eftir Icesave,“ segir Hulda.


Samkvæmt niðurstöðum Huldu fannst kjósendum allra flokka viðskiptabankarnir bera mesta

ábyrgð. En kjósendur Sjálfstæðisflokksins eru þó líklegastir til þess að leita utanaðkomandi orsaka og kenna aðstæðum á erlendum mörkuðum og erlendum fjárfestum um efnahagshrunið. Kjósendur Vinstri grænna setja aftur á móti almennt meiri ábyrgð á hina ýmsu aðila og þá sérstaklega innlenda aðila og stofnanir.

erlabjorg@frettabladid.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**SNJÓKOMA, SLYDDA EÐA RIGNING.** Fram undan eru dagar þar sem hitastigið verður rétt um eða yfir frostmarki og úrkoman því á ýmsu formi. Það má því gera ráð fyrir hálfu og að slabb geti myndast á götum og gangstéttum um tíma.

Alicante 28°	Berlín 15°	Friedrichshafen 22°	Las Palmas 25°	New York 16°	París 17°
Apena 24°	Billund 13°	Gautaborg 13°	London 16°	Orlando 25°	San Francisco 14°
Basel 19°	Frankfurt 14°	Kaupmannahöfn 13°	Mallorca 26°	Ósló 10°	Stokkhólmur 11°

**Ingibjörg Karlsdóttir**  
veðurfréttamaður

*Heimilis*  
**GRJÓNAGRAUTUR**

**Alveg mátulegur**

**HONDA**  
The Power of Dreams

**HALLÓ. BESTI 4X4 BÍLL ÁRSINS.**

**HALLÓ. BESTI JEPPI / JEPPLINGUR ÍSLANDS.**

**HALLÓ. ÁREIÐANLEGASTI BÍLAFRAMLEIÐANDI HEIMS.**



\* Myndin sýnir Honda CR-V Executive úttarslu.

**HONDA CR-V 4X4, KOSTAR FRÁ KR. 5.490.000**

### **HALLÓ. VERÐLAUNABÍLL.**

HALLÓ verðlaun, viðurkenningar og aðdáun. Sjaldan hefur einn bíll verið jafn samhljóma valinn besti bíllinn í sínum flokki og hinn nýi Honda CR-V. Þvert yfir heimsálfurnar rakar fjórða kynslóð Honda CR-V að sér verðlaunum og er valinn bestur af virtustu bílagagnrýnendum heims sem og notendum. Hann þykir setja ný viðmið í ferðabægindum, gæðum innréttinga og gagnsemi í akstri og umferð.

**Komdu til okkar í Vatnagarða og segðu HALLÓ við Honda CR-V, besta 4x4 bíl ársins samkvæmt Total 4x4 Magazine, besta jeppann - jepplinginn á Íslandi í Bíll ársins keppninni, áreiðanlegasta bílaframleiðandann samkvæmt What Car og Warranty Direct, 8 árið í röð og konung stóra 4x4 fjölskyldubílaþrófs Car Magazine.**

**WWW.HONDA.IS/CR-V**



**Umboðsaðilar:**

Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800  
Bilver, Akranesi, sími 431 1985  
Höldur, Akureyri, sími 461 6020  
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvar á landinu hafa þrjár háskúpur rostunga fundist með stuttu millibili?
- 2 Forseti hvaða lands hefur stofnað sérstakt hamingjuráðuneyti?
- 3 Hve margar kvartanir og skyld erindi hafa borist landlækni frá ársþrjújun 2011?

SVÖR:  
Sveit 2, Venesúela, 3 Tæplega 500.  
1. í fjórungi í Landi Barðastada í Staðar-

Lögregla handtók eiganda og fjóra starfsmenn kampavínsklúbbs vegna gruns um sölu á vændi:

## Starfsmenn og eigandi í gæsluvarðhald

**LÖGREGLA** Lögmaður eiganda kampavínsklúbbsins Strawberries segir af og frá að staðurinn og starfsmenn hans hafi haft milligöngu um vændi eða hagnast af slíkri starfsemi, þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Hópur lögreglumanna fór inn á kampavínsklúbbsinn Strawberries á föstudagskvöldið til að sannreyna grunsemdir um vændisstarfsemi á staðnum. Rannsóknin beindist aðallega að því sem fram fór í kjallara hússins.

Fjórir starfsmenn Strawberries

voru handteknir ásamt Viðari Má Friðfinnssyni, eiganda staðarins.

Þar að auki voru þrír einstaklingar handteknir, grunaðir um kaup á vændi.

Sjö konur voru á staðnum og hafa þær verið yfirheyrðar sem vitni. Lögregla lagði einnig hald á öll gögn úr öryggis-myndavélakerfi staðarins.

Starfsmenn og eigandi voru um helgina úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 8. nóvember. Verjandi Viðars Mús segir að hann hafni með öllu að hafa haft milligöngu um vændi eða hagnast á því.



**RANNSÓKN** Strawberries hefur verið lokað í bili. Eigandinn og starfsmenn voru handteknir um helgina og úrskurðaðir í gæsluvarðhald fram í nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Norðurlandaráðsþing í Osló Hittir norræna forystumenn

**STJORNARMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra heimsækir Norðurlandaráðsþing í Osló dagana 28.-30. október.



SIGMUNDUR  
DAVÍÐ  
GUNNLAUGSSON

Forsætisráðherra tekur þátt í þemaumræðu um ungt fólk á Norðurlöndunum og kynnir formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni fyrir árið 2014, sem ber yfirskriftina „Gróska og lífskraftur“.

Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið mun forsætisráðherra funda með leiðtogum Norðurlandanna auk ráðamanna frá Eystrasaltslöndunum.

-jme

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Sækist eftir þriðja sætinu



**Börkur Gunnarsson**, blaðamaður, rit höfundur og leikstjóri, hefur ákveðið að bjóða sig fram í 3. sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík þann 16. nóvember næstkomandi. Börkur hefur meðal annars unnið sem blaðamaður og hefur starfað á Morgunblaðinu síðustu þrjú ár.

## SAMGÖNGUR

### Hvalfjardargöngum lokað

Vegna viðhaldsvinnu voru Hvalfjardargöng lokað í nótt og verða lokað fjórar næstu frá miðnætti til klukkan sex að morgni.

# Pósturinn skýri taprekstur

Póst- og fjarskiptastofnun vill að Íslandspóstur skýri nánar taprekstur í einstökum þjónustuflokkum. Meta þurfi hvort um niðurgreiðslu frá einkaréttarstarfsemi sé að ræða. Tapið sé meira en skýrist af alþjónustukvöð einni.

**VIÐSKIPTI** Tap á samkeppnisrekstri Íslandspósts ohf. getur falið í sér niðurgreiðslu frá einkaréttarstarfsemi umfram metinn kostnað við svokallaða alþjónustu. Alþjónusta er sú kvöð sem lögð er á félagið að uppfylla ákveðna þjónustu við landsmenn, svo sem daglega póstdreifingu í öll hús.

Þetta má lesa úr nýlegrri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) í kjölfar úttektar á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspósts. Til dæmis kemur fram að árið 2011 hafi tap Íslandspósts af samkeppnisrekstri numið tæpum 200 milljónum króna. Ef dreginn er frá kostnaður sem Íslandspóstur reiknar vegna kvaðar um alþjónustu eykst tapið í 500 milljónir.

Stofnunin fer fram á að Pósturinn geri nánari grein fyrir ástæðum taprekstrar í einstökum þjónustuflokkum, svo að unnt sé að meta hvort um niðurgreiðslu sé að ræða eða ekki.

Eigi að síður er áréttað í samantekt PFS að við yfirferð stofnunarinnar hafi ekki komið fram dæmi um að staðfærsla kostnaðar í kostnaðarbókhaldi félagsins feli í sér „beina niðurgreiðslu einkaréttar á kostnaði vegna samkeppnisrekstrar“.

PFS hefur því lagt fyrir Íslandspóst áætlun í ellefu liðum um hluti sem þurfi að lagfæra og skoða nánar.

Helga Sigríður Böðvarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspósts, segir að aðgerðaáætlun hafi þegar verið sett í gang. Niðurstaða PFS sé í stórum dráttum í samræmi við áætlanir sem unnið hafi verið að hjá félaginu. „Sumt er búið en öðru er enn verið að vinna að,“ segir hún.

Hluti vinnunnar sé að skilgreina loks kostnað við alþjónustu, sem líkast til sé umtalsvert meiri en hafi verið áætlað í bókum félagsins.

Helga Sigríður segir Póstinn hafa beðið frá 2004 eftir því að einkaréttur verði felldur niður og það verði vonandi fljótlega. „Við höfum óttast að það verði ekki fyrr en þá sem tekið verður á þessum kostnaði við alþjónustubyrðina. Þetta er það sem er að fara með okkur í dag, mjög miklar kröfur um þjónustu án þess að tekjur komi á móti.“

oikr@frettabladid.is



**BIÐRÖÐ HJÁ PÓSTINUM** PFS hefur farið fram á að lagst verði yfir kostnaðargreiningu og skiptingu kostnaðar í rekstri Íslandspósts. Þeirri vinnu á að vera lokið fyrir 1. apríl á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ríkisrekin samkeppni, segir keppinautur

„Frá mínu sjónarhorni er það alþjónusta Íslandspósts sem greiðir niður samkeppnishlutann í dreifikerfi þeirra,“ segir Hannes Hannesson, framkvæmdastjóri Póstmíðstöðvarinnar.

Hannes segir að Íslandspóstur hafi einokun á dreifingu alls pósts sem er undir 50 grömmum. Í þann flokk falla öll bréf sem send eru, sama hvort þau eru gluggabréf frá hinu opinbera og stofnunum eða sendibréf.

„Í öllum flutningskerfum skiptir þyngd lykilmáli. Ef verðskrá Íslandspósts er skoðuð og borið saman hvað kostar að bera út bréf sem er undir 50 grömmum og tímarit sem er 150 til 200 grömm kemur fram veruleg skekkja,“ segir hann og útskýrir að þar sem Íslandspóstur hafi einkarétt á því að bera út umslagið en ekki tímaritið kosti hlutfallslega mun meira að bera út tímaritið.

„Einkaréttarhlutinn hefur hækkað um hátt í 50 prósent hjá Íslandspósti á síðustu misserum en á sama tíma hefur samkeppnishlutinn hækkað um 10 prósent,“ segir hann og bætir við að þetta sé ríkisrekin samkeppni hjá Íslandspósti.

-jme

GLANSANDI GÓÐUR ÁRANGUR, LÁGMARKSÁHRIF Á UMhverfið

SÉRPRÓAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VATN

NÝJUNG!

UPPÞVOTTAVÉLATÖFLUR

Glitra er sérþróað með tilliti til eiginleika íslenska vatnsins, sem þýðir að minna magn þarf af uppþvottaefni. Hagkvæmara fyrir heimilið og umhverfið.

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX  
FREE**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**

DAGANA 24.-28. OKTÓBER  
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM  
SÍÐASTI SÉNS Í DAG!

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*

## Fjölga mælingaduflum á sjó: Auka mælingar á súrnun sjávar

**RANNSÓKNIR** Skip Hafrannsóknastofnunar, Bjarni Sæmundsson, lagði í leiðangri í ágúst út dufl til mælinga á koltvísyringi og sýrustigi í Íslandshafi.

Ljóst þykir að súrnun sjávar muni hafa skaðleg áhrif á ýmsar lífverur hafsins og vistkerfi.

Þess er vænst að mælingarnar auki þekkingu á aðstæðum sem ráða miklu um flæði koltvísyrings milli lofts og sjávar og á náttúrulegum, árstíðabundnum breytingum á sýrustigi sem tengjast bæði vexti þörungna og árstíðasveiflum í sjávarhitna. -shá

## Lítið að sjá í Breiðafirði: Síldarvertíðin nuddast af stað

**SJÁVARÚTVEGUR** Ingunn AK, skip HB Granda, er á leið til Vopnafjarðar með um þúsund tonn af síld sem fékkst í Breiðafirði.

Að sögn Guðlaugs Jónssonar skipstjóra var ekki mikið að sjá og ekkert fékkst í fyrsta kastinu. Síðasta kastíð var þó afar drjúgt, eða um þúsund tonn. 500 tonn voru fyrir í lest svo að helmingi aflans var miðlað um borð í Beiti NK, sem var eina uppsjávarveiðiskipið á miðunum auk Ingunnar.

Veiðisvæðið var í sundunum við Hrutey. Síldin er af ágætri stærð; meðalviggtin á bilinu 320 til 340 grömm.

Veidar á íslensku sumargots-síldinni hófust fyrir skömmu og enn sem komið er hafa tiltölulega fá skip farið til veiða. -shá

# Áfrýjunarnefnd neytenda virðir ekki sett tímamörk

Starf áfrýjunarnefndar neytendamála lá niðri í þrjá mánuði í sumar þar sem ekki var skipað í nefndina. Hún hefur ekki virt sex vikna tímamörk sem sett eru í lögum. Ekki hefur verið úrskurðað í neinu máli á árinu.

**NEYTENDUR** Áfrýjunarnefnd neytendamála var ekki starfandi í þrjá mánuði í sumar og haust þar sem dróst að skipa nýja nefnd. Nefndin hefur lögum samkvæmt aðeins sex vikur til að úrskurða í málum sem til hennar berast en sá tímafrestur hefur ekki verið virtur.

Hægt er að skjóta ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Skipunartími nefndarmanna rann út í júní síðastliðnum og hefur starf nefndarinnar legið niðri síðan.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra skipaði nýtt fólk í nefndina í byrjun október.

Tíu til fimmtán ný mál biða nýrra nefndarmanna, segir Halldóra Þorsteinsdóttir. Hún var starfsmaður nefndarinnar þar til í október, þegar hún var skipuð í nefndina.

Um það bil 20 mál hafa borist nefndinni á hverju ári síðustu ár. Samkvæmt lögum skal „úrskurður áfrýjunarnefndarinnar [...] liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti“. Engum málum sem borist hafa nefndinni það sem af er þessu ári hefur verið lokið.

Við lauslega skoðun á síðustu úrskurðum nefndarinnar, sem varða mál frá árinu 2012, verður ekki séð að nefndin hafi virt sex vikna tímamörkin sem lög gera ráð fyrir. Í síðustu tíu úrskurðum hefur málsmeðferðartími hjá nefndinni verið að meðaltali rúmir sjö mánuðir.

„Lögin segja þetta en mál eru ekki kláruð fyrr en gagnaöflun er lokið og í mörgum málanna tekur langan tíma að fá gögn frá aðilum málsins,“ segir Halldóra.

„Lögin segja sex vikur og það er ekki verið að tala um frá því kæra berst nefndinni. Það myndi einfaldlega aldrei ganga upp og væri í andstöðu við stjórnsýslulög,“ segir Halldóra.

Hildur Dungal, nýskipaður formaður áfrýjunarnefndarinnar, segir að nefndin hafi verið skipuð í byrjun október og hún hafi enn ekki fundað. Hún segir það vissulega óheppilegt að dregist hafi að fjalla um mál sem borist hafa nefndinni. Nú muni nefndin einhenda sér í að úrskurða í þeim málum sem borist hafa.

Hjá innanríkisráðneytinu fengust þau svör að aðalatriðið sé að engar kvartanir hafi borist ráðuneytinu um að þjónusta nefndarinnar hafi ekki verið í lagi. Ekkert bendi til þess að þessir þrjú mánuðir sem liðu hafi haft áhrif á þjónustu nefndarinnar við neytendur.

brjann@frettabladid.is



**LÖNG BIÐ** Áfrýjunarnefnd neytendamála þurfti sjö mánuði til að úrskurða um kæru Hagkaups vegna ákvörðunar Neytendastofu um að sekta fyrirtækið um 500 þúsund krónur fyrir að birta ekki afsláttarprósentu í auglýsingu um „Tax Free“ helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Mikilvægt að fá niðurstöðu hratt


„Lögin gera ráð fyrir þessu áfrýjunarferli og það er mikilvægt að það ferli sé eins fljótvirkt og hægt er,“ segir Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu. Hann segir miklu skipta fyrir þá sem eigi hagsmuna að gæta að fá niðurstöðu sem fyrst. Hann bendir á að ákvarðanir Neytendastofu sem kærðar eru til áfrýjunarnefndarinnar geti verið íþyngjandi og mikilvægt að fá endanlega úrlausn hratt.

# Láttu hjartað ráða



**10**  
KRÓNUR

AF HVERRI SELDRI HIMNESKT  
VÖRU Í OKTÓBER RENNA  
TIL LJÓSSINS



„Með bakstri úr lífrænni hollustu má njóta  
hvers bita með góðri samvisku.“

*Sella*

**BONUS**

**HAGKAUP**



**HIMNESKT**



Vitra Arkitekt WC

**8.990**

án setu



# Glæsilegt úrval

## MÚRBÚÐARVERÐ

Napoli Hitastýrt tæki með uppstútt (rósettur innfaldar í verði)

**10.990**

NAPOLI hitastýrð blöndunar-tæki f. baðkar

**14.990**



CE

NAPOLI hitastýrt sturtusett

**26.900**

Látúns sturtubarki 1,5m

**790**



NÝ VARA

W&M PS208 sturtuhorn 80cm

**48.990**

4cm SMC botn




6 mm Hert öryggisgler

FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm

**34.690**

Botnventill og vatnslás fylgja öllum sturtuhornum og sturtuklefum



NÝ VARA

W&M EF409 sturtuhorn 90cm

**56.990**

4cm SMC botn



Bidalux BWR sturtusett

**13.590**



Mistillo MTG sturtusett

**14.490**

Bidalux BWR sturtusett

**3.990**

NÝ VARA

W&M PF209D sturtuhorn 90 cm

**54.990**

4cm SMC botn



**2.290**

**2.990**

**1.590**

Mikið úrval

**3.790**



**23.990**

Vitra Grand Scandinavia m. setu



CERAVID baðkar 170x75 cm

**20.990**



Sturtuklefi 80x80x195cm með botni, vatnslás og botnventli

**38.900**

Einnig til 90x90 cm, kr. 39.990



MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni og vatnslás (einnig til 80x80)

**22.990**



CERAVID SETT WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta. Þýsk gæðavara

**39.990**



# MÚRBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ  
Akureyri  
Vestmannaeyjum

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

## HEIMURINN



## Leiðtogaskipti í Georgíu



**GEORG SJAKASVÍLI** Andstæðingur forsetans sigraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**1 GEORGÍA** Útgönguspár í Georgíu sýna að Giorgi Margvelashvili, fyrrverandi háskólaeignar með litla reynslu af stjórnáttum, vinnur stórsigur í forsetakosningunum með um tvo þriðju atkvæða. Margvelashvili nýtur stuðnings Bidzina Ivanishvili, vellauðugs forsætisráðherra landsins. Báðir eru þeir svarnir andstæðingar Mikhaíls Sjakasvili, núverandi forseta, sem kom á lýðræðisumbótum þegar hann tók við embætti fyrir um áratug.

## Drög að stjórnarskrá

**2 EGYPTALAND** Stjórnlaganefnd, sem fékk það verkefni að samþykkja breytingar á núverandi stjórnarskrá Egyptalands, er þessa dagana að afgreiða frá sér fyrstu drög að breyttri stjórnarskrá. Alls hyggst nefndin gera breytingar á 189 af rúmlega 230 greinum stjórnarskrárinnar, sem almenningur samþykkti í kosningum sem Muhammed Morsí, þáverandi forseti, efndi til á síðasta ári.

## Grein gerð fyrir efnavopnum

**3 SÝRLAND** Sýrlandsstjórn hefur afhent Efnavopnastofnun Sameinuðu þjóðanna ítarlegar upplýsingar um efnavopn sín, að sögn stofnunarinnar. Upplýsingarnar verða notaðar til að eyða öllum efnavopnum Sýrlandsstjórnar, samkvæmt samkomulagi sem náðist fyrir tilstilli Rússa í sumar.

## Deila Þýskalands og Bandaríkja harðnar

Uppljóstranir um víðtæka njósnastarfsemi Bandaríkjanna verða sífellt vandræðalegri fyrir Barack Obama forseta, sem nú virðist hafa vitað árum saman af því að sími Angelu Merkel Þýskalandskanslara hafði verið hleraður síðan 2002.

**ÞÝSKALAND** Angelu Merkel Þýskalandskanslara virðist loks nóg boðið. Hún ólst upp í Austur-Þýskalandi, þar sem stjórnvöld hleruðu síma íbúanna í tíma og ótíma. Nú er komið í ljós að hún hefur sætt þessu sama af hálfu Bandaríkjanna, einnar helstu vinnuþjóðar Þjóðverja, allar götur síðan 2002 – eða frá því nokkrum árum áður en hún tók við kanslaraembættinu.

Þetta fullyrðir þýska tímaritið Der Spiegel, sem segist hafa undir höndum skjöl þessu til staðfestingar. Skjölin benda einnig til þess að Barack Obama Bandaríkjaforseti hafi vitað af þessum hlerunum allt frá árinu 2010, en hann tók við forsetaembættinu í byrjun árs 2009.

Þessar upplýsingar benda til þess að njósnir Bandaríkjanna um ráðamenn í öðrum ríkjum hafi verið harla víðtækar.

Merkel hefur til þessa, rétt eins og flestir aðrir þjóðarleiðtogar í Evrópu, forðast að fara í hart gegn Bandaríkjunum, enda veit hún sem er að njósnastofnanir eru starfandi í flestum stærri ríkjum heims, þar á meðal í Þýskalandi, og að vinnubrögðin eru sambærileg í flestum atriðum.

Hún hefur að vísu mótmælt og sagt að svona eigi ríki ekki að koma fram við vinnuþjóðir sínar.



**BARACK OBAMA OG ANGELA MERKEL** Obama í heimsókn hjá Merkel í Berlín í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

Allt bendir hins vegar til þess að hún geti ekki setið aðgerðalaus öllu lengur.

Eitt af því sem kemur til greina er að fresta eða hætta við samningaviðræður um fríverslunarbandalag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Merkel gæti þó verið treg til þess, því svo virðist sem Þjóðverjar muni hagnast einna mest á slíkum samningum.

Franskir og þýskir ráðamenn hafa hug á að gera samning við Bandaríkin um að ríkin þrjú hætti að njósna hvert um annað. Vonast

er til að slíkur samningur verði að veruleika fyrir áramót.

Hans-Peter Friedrich, innanríkisráðherra Þýskalands, hefur sagt að njósnir Bandaríkjanna varði við lög og hótar að fara með málið fyrir dómstóla.

Þá þykir líklegt að ný stjórn í Þýskalandi, en stjórnarmyndunarviðræður standa yfir þessa dagana, setji á laggirnar sérstaka rannsóknarnefnd til að fara ofan í saumana á njósnum bandarísku leyniþjónustunnar um þýska ráðamenn. gudsteinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is

## Fullkominn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir aksturseginnleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan kostar aðeins frá

**5.360.000 kr.**



Fjöldi starfsmanna N1:

820

Það gerir einn starfsmann á hverja 392 Íslendinga.



1971:

Byrjað að selja bílatengdar vörur á bensínstöðvum. Sama ár var Landssamband hjálparveita skáta stofnað.

# Hluti af atvinnulífi

Allur flugvélafloti Icelandair gengur fyrir eldsneyti frá N1.

Það eru alls **18** flugvélar.

Íslenskir bændur nota tæplega

**1,6 milljónir**

hektara af landi undir landbúnaðarstarfsemi. Það eru 15% af stærð Íslands.



Daglega sinnir N1 að meðaltali

**6**

dælingum á skip og togara.

**672.800**

erlendir ferðamenn heimsóttu Ísland í fyrra.




Um fjórðungur þeirra naut þjónustu N1.

1982:

Bygging hófst á þjónustustöðvum eins og við þekkjum þær í dag. Sama ár voru þrjár almyrkvar á tungli, en það mun ekki gerast aftur fyrr en árið 2485.

Tonn af þorski veidd við Íslandsstrendur árið 2012:

**177.000**

Kílóíð af þorski á LE BERNARDIN í New York kostar:

116.000 kr. / \$ 954

Bið eftir borði: 10 – 40 dagar. (Frægir: 0 dagar).



Kaffipása á vinnustað varir að meðaltali

**13,5**

mínútur.

Atvinnulíf. Gangverk sem eykur lífsgæði. Íslenskt atvinnulíf treystir á þéttrið þjónustunet N1 með eldsneyti, rekstrarvörur og önnur aðföng. N1 veitir íslenskum fyrirtækjum orku til góðra verka - því að saman höldum við samfélaginu á hreyfingu.

**Komum af stað!**

Ríkisútvarpið sæki 215 milljónir til einkaaðila:

## „Pereat, Illugi Gunnarsson“

**P**ereat, Illugi Gunnarsson.“ Þannig hljóma viðbrögð Ingva Hrafn Jónssonar, framkvæmdastjóra sjónvarpsstöðvarinnar ÍNN, við þeim tíðindum að Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hyggist lækka framlög til Ríkisútvarpsins um 215 milljónir króna og gera stofnuninni að sækja tekjutapið á auglýsingamarkað. Ráðherrann boðar lengri auglýsingatíma, tólf mínútur á klukkustund í stað átta, og að peningarnir sem ríkið sparar fari í menntakerfið.

Vissulega tekur Ingvi Hrafn stórt upp í sig en hann er skiljanlega reiður. Á mannamáli er Illugi Gunnarsson að segja að ríkið ætli að senda solumenn út af örkinni og hirða 215 milljónir af einkafyrirtækjum sem reiða sig á auglýsingatekjur. Þetta mun auðvitað koma verst niður á þeim sem minnstir eru á markaði og geta ekki notað stærðina til að verja sig.

Ingvi Hrafn er stórhuga maður. Hann er að byggja upp frjálsa sjónvarpsstöð sem reiðir sig einvörðungu á auglýsingatekjur. Stríðs-yfirlýsing Illuga Gunnarssonar gæti gert út af við hann. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart að Ingvi Hrafn vilji losna alveg við ríkið af auglýsingamarkaði. Verði honum að ósk sinni spáir hann því að hér muni þrífast „gífurlega fjölbreyttur fjölmiðlaheimur“.

Taka má undir með fyrrverandi fréttastjóra Ríkisútvarpsins, að hér á landi yrði fjölmiðlalandslagið enn fjölbreyttara yrðu ríkinu sett takmörk á auglýsingamarkaði. Það er engin tilviljun að mesta gróskan á íslenskum fjölmiðlamarkaði er á netinu. Vefmiðlun fer vaxandi og hér á landi hafa sprottið upp mýmargir nýir miðlar á vefnum síðustu misserin. Þar hefur hlutunum einmitt verið komið þannig fyrir að ríkið fær ekki að selja auglýsingar á sinn vefmiðil; ruv.is. Ríkisútvarpið fær nefnilega milljarða í forgjöf í formi nefnskatts og getur því hæglega boðið lægra verð á auglýsingamarkaði. Þá lifa þeir einir af sem eru nógu sterkir til að takast á við risann.

Saga frjálsra miðla á Íslandi er saga sameiningar gegn Ríkisútvarpinu. Útgefandi Fréttablaðsins, 365 miðlar, á sér langa sögu sameininga. Bylgjan og Stöð 2 voru eitt sinn sitt fyrirtækið hvort, X-íð og visir.is sömuleiðis og auðvitað FM957 og Fréttablaðið. Þessir ólíku miðlar hafa sameinast hverjir öðrum og enn fleiri miðlum og eru nú nógu stórir eftir sameiningu til að geta keppt við ríkisbákníð.

Að því leyttinu til mætti halda því fram að stórfyrirtæki eins og 365 miðlar muni ekki endilega græða mest ef Ríkisútvarpið hverfur af auglýsingamarkaði. Það eru miklu fremur litlu fyrirtækin sem eiga mest undir því. Fyrirtæki eins og sjónvarpsstöðin ÍNN sem Ingvi Hrafn rekur.

Menntamálaráðherra ætti að endurskoða þessar hugmyndir sínar. Miðað við stöðuna á fjölmiðlamarkaði væri miklu nær að takmarka umsvif ríkisins. Til dæmis með því að ríkið hætti að bjóða morð fjár í erlent afþreyingarefni á móti frjálsum miðlum og þrýsta þannig verðinu upp. Þá væri ráð að hætta strax rekstri sérstakrar ríkisþróttarásar. Hið sama má segja um rekstur fréttastofu Ríkisútvarpsins. Það er ekkert í fréttum ríkisins sem ekki er gert jafn vel eða betur hjá frjálsum miðlum nú þegar.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÐSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Miele**

Miele ryksuger

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fáránlega háir vextir**  
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson stóð sig ágætlega á Sprengisandi Sigurjóns M. Egilssonar á Bylgjunni í gær. Almennungur og viðskiptalífið almennt gladdist yfir ummælum Sigmundar um að vextir hér á landi væru fáránlega háir. Ef forsætisráðherra í einhverju þeirra landa sem okkur þykir gott að bera okkur saman við segði annað eins mætti vænta tíðinda. Hins vegar má búast við viðkvæmni af hálfu nýs forsætisráðherra verði gengið of hart að honum að útskýra þessi ummæli því hann sagði Sigurjóni að



honum þætti stjórn málaumræðan orðin galin og næstum hættuleg lýðræðinu.

#### Galín umræða


Sigmundur er nýkominn úr frí og sagði Sigurjóni að sér fyndist hamrað á sömu hlutunum aftur og aftur í umræðunni til að hanna ákveðinn veruleika. Við þetta er Sigmundur ekki sáttur en líklegast á hann við þá kröfu almennings að Sigmundur leiðrétti húsnæðisskuldur eins og hann lofaði í kosningunum í vor. Reyndar sagðist Sigmundur sýna því skilning að fréttá- og blaðamenn leituðu að upplýsingum og vildu nálgast sannleikann. „En umræðan um

stjórn mála á Íslandi er orðin held ég mjög skaðleg. Hún er orðin hættuleg nánast lýðræðinu,“ sagði forsætisráðherrann.

#### Einangruð ríkisstjórn

Erfitt er að lesa í hvað Sigmundur Davíð á við. Hvað er svona hættulegt lýðræðinu í landinu? Aðeins örfáir mánuðir eru liðnir frá kosningum og eina breytingin á högum Sigmundar er að flokkur hans mælist með minna fylgi nú en í kosningunum. Dæmið sem Sigmundur tók um ógnina við lýðræðið var að fólk héldi því fram að stjórn hans væri einangrunarríkisstjórn á sama tíma og fólk kvartaði yfir því að hann væri of mikið í útlöndum. O, jæja, ef það er ógnin við lýðræðið ættum við að geta sfofið róleg. elimar@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Spurt að gefnu tilefni

### SAMGÖNGUR



Ögmundur Jónasson alþingismaður

Fram hefur komið að ríkisstjórnin vill leita leiða til að einkavæða samgöngukerfið. Einkaaðilar eignist til skamms eða langs tíma flugvelli, hafnir og vegi. Verktakarnir komi með fjármagn í uppbyggingu þessara mannvirkja og rukkí síðan notendur. Með þessu móti yrði hægt að lækka skatta en láta notendur borga. Þegar virðist vera farið að búa í haginn fyrir þetta fyrirkomulag með sveltistefnu. Þannig er skorið niður við almennar vegafarmkvæmdir um 750 milljónir og byrjað að þrengja að innanlandsfluginu og þótti mörgum nóg að gert á undangengnu kjörtímabili. Allt þetta verður hins vegar skiljanlegra ef verkefnið er að knýja fram kerfisbreytingar.

Einkavætt kerfi yrði náttúrulega dýrara fyrir samfélagið því það gerir ráð fyrir nýjum milliliðum sem tækju sitt til sín. Einnig er hætt við því að þetta verði ranglátara kerfi því notendur á strjálbýlum svæðum ættu erfiðara með að fjármagna framkvæmdir en þéttbýlingar.

Þá hefur verið bent á að hætt sé við því að skipulagsvald verði flutt frá lýðræðislega kjörnum aðilum til verktaka. Þetta mátti skilja á svörum sem gefin voru um mögulegar einkaframkvæmdir

í vegakerfinu. Þar var nefnd Sundahöfn, nýr vegur um Öxi og Svínvetningabraut í Húnavatnssýslu. Allar þessar hugsanlegu framkvæmdir eru sagðar búa yfir þeim kosti að aðrar samgönguleiðir yrðu færar til að komast á milli staða, valið yrði vegfarandans.

Það má hins vegar aldrei gleymast að við sem samfélag kæmum til með að standa straum af öllum þessum kostnaði hvort sem væri við Öxi, Sundabraut eða Svínvetningabraut.

En augnablik. Svínvetningabraut er ekki á samgönguáætlun! Hún var jafnframt tekin út úr allri skipulagsvinnu og fór ekki lítið fyrir því þegar það var gert. Og er þá komið að spurningu minni. Ef fyrirtækið, sem á sínum tíma vildi Svínvetningabraut, vill nú að nýju fara í þá framkvæmd, ræður þá fyrirtækið? Yrði Svínvetningabraut þá aftur á áætlun? Ef svo er, væri það endanleg sönnun þess að skipulagsvaldið væri komið til verktakanna.

En svona auðvelt verður þetta ekki. Þótt ríkisstjórnin vilji þjóna peningavaldinu þá er sem betur fer ekki enn búið að slökkva á þjóðinni. Hinni sömu og á að borga hinum nýju skattheimtumönnum!

# Virðing

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Í Kjarnanum var fjallað um Kaupþingsmennina sem tóku stöðu gegn krónunni fyrir hrun og högnuðust stórkostlega á falli hennar – högnuðust persónulega á óföllum þjóðarinnar. Lífeyrissjóðirnir – sem almenningur greiðir í af samviskusemi mánaðarlega – voru látnir taka stöðu með krónunni – veðja á að hún myndi ekki lækka, og væri gaman að heyra í þeim hagspekingum lífeyrissjóðanna sem stóðu fyrir þeirri spákaupmennsku fyrir hönd okkar sem þurfum nú að súpa seyðið af gengishruninu (sem varð ekki síst út af starfsemi Kaupþings) með ofsaverði á matvöru og peningum (vextir eru verðið sem við greiðum fyrir peningana í bönkunum).

### Stöðutakarnir

Einn af þeim Kaupþingsmönnum sem högnuðust á því að taka stöðu gegn krónunni er nú forstjóri Auðar-kapítal, fjármála-fyrirtækis sem víða um lönd var haft til marks um nýja kvenlega viðskiptahætti eftir hrun og fékk marga viðskiptavini sem stóðu í þeirri trú að sú fjármálastarfsemi færi fram á forsendum hinnar hagsýnu húsmóður, sem átti að vera andstæða brúðgossanna í Kaupþingi. Fyrir dyrum stendur að sameina Auði og fyrirtæki í eigu lífeyrissjóðanna, sem á sínum tíma voru fíflaðir til að standa straum af stórbrotnum hagnaði Kaupþingsmanna, sem eins og við munum fengu líka gjaldeyrisforða þjóðarinnar hjá Davíð Oddssyni til að möndla eitthvað með og hefur aldrei spurst til þess gjaldeyrisforða síðan, en þjóðin hins vegar búið við gjaldeyrishöft í kjölfarið. Kaupþingsmaðurinn sem hagnaðist um rúmlega 157 milljónir króna á því að taka stöðu gegn

krónunni – og okkur – á kostnað lífeyrissjóðanna – hann mun verða forstjóri hins nýja sameinda fyrirtækis. Það fjármála-fyrirtæki mun heita Virðing.

Enginn er eyland. Við erum alltaf að taka okkur stöðu einhvers staðar í lífinu, með einhverjum og á móti einhverjum. Sá sem tekur stöðu gegn krónunni í því skyni að græða á falli hennar tekur um leið stöðu gegn kjörum almennings. Hann tekur stöðu með hækkandi verði á matvöru. Hann tekur stöðu með því að spítalar fái ekki rekstrarfé. Hann tekur stöðu með því að ekki sé sómasamlega búið að börnum. Hann tekur stöðu með því að gamalt fólki njóti ekki umönnunar. Hann tekur stöðu með því að sjúklingar fái ekki lyfin sín. Hann tekur stöðu með því að fjölskyldur fari á vonarvöl. Hann tekur stöðu með því að fólk missi húsin sín. Hann tekur stöðu með atvinnuleysi og landflóttu.

Sá sem tekur stöðu gegn íslensku krónunni telur það vera hagsmuni sína að kjör almennings versni. Hann heldur að það séu hagsmunir sínir að alls konar fólk, frændur og frænkur, gamlir skólafélagar, gamlir vinir og vinir vina, lendi í kröggum. Allt er þetta komið til af þeim miskilningi að lífið snúist um peninga. Of lengi höfum séð haldið að ungu fólki þeirri römmu ranghugmynd að við séum hér á Jörðu í því skyni að græða peninga. Það eru meira að segja til menn sem halda því fram að það séu hagsmunir fjöldans að sem allra fæstir eigi sem allra mest og að sem allra flestir eigi sem allra minnst.

### Mannlegt vistkerfi

Ekki trúa þeim. Við erum hér á Jörðu til þess að vaxa og vera í samfélagi hvert við annað, nærast og næra, gleðjast og gleðja, elska og vera elskuð, skapa, skoða, fræðast, fræða, missa, gráta og sakna, í einu orði sagt: lífa. Samfélagið er vistkerfi rétt eins og þau eru allt í kringum okkur í ríki náttúrunnar þegar maðurinn fer ekki að krukka í því. Þegar viðskipti fá að hafa eðlilegan gang í friði fyrir óvin-

Enn virðast þeir ekki átta sig á því að sæmd fæst ekki keypt heldur verður til í verkum okkar og framgöngu og enginn á kröfu á því að njóta sæmdar fyrir það eitt að hafa verið duglegur að sanka að sér fé; og fyrir það eitt verður enginn í sjálfa sér virðingar verður.

um markaðarins á borð við auðræðissinna eru þau náttúrulegt ferli í samskiptum manna, hvort sem þau fara fram í formi vöruskipta eða greitt er með peningum. Samfélagið er þéttriðið net viðskipta og alls kyns tengsla; þar eru vissulega átök um hagsmuni og ágreiningur um leiðir. En þegar menn eru farnir að veðja á ófarnað samfélagsins – og reyna að stuðla að honum – til að „hagnast“, þ.e.a.s. fá meira fé handanna á milli, þá er um að ræða mikla ónáttúru sem bendir til þess að einhvers staðar sé pottur brotinn í viðskiptamenntun og bankamenningu á Íslandi.

Þeir eru smám saman að tínast inn í viðtölin stöðutakarnir og viðskiptavildarhafarnir úr síðustu bólu og muldra einhvers konar afsökunarbeiðni með nokkrum semingi en láta þess um leið gjarnan getið að allir hafi gert þetta og að þeir hafi ekki gert neitt ólöglegt. Enn virðast þeir ekki gera sér grein fyrir því að til er mannleg breytni sem lög ná ekki yfir og lögfræðingar hafa fátt að segja um umfram annað fólk. Enn virðast þeir ekki átta sig á því að sæmd fæst ekki keypt heldur verður til í verkum okkar og framgöngu og enginn á kröfu á því að njóta sæmdar fyrir það eitt að hafa verið duglegur að sanka að sér fé; og fyrir það eitt verður enginn í sjálfa sér virðingar verður.

# Strepsils®

- nú sykurlaust og með jarðaberjabragði



2013 RB 002 Strepsils

## SYKURLAUST STREPSILS

með jarðaberjabragði

Við eymslum og ertingu í hálsi!

Strepsils Jordbær Sukkerfri munnsogstöflur. **Inniheldur:** 2,4-tvilklorbensýlalkóhól 1,2 mg, amýlmetakresól 0,6 mg. **Ábendingar:** Eymsli og erting í hálsi. **Skammtar og lyfjagjöf:** Fullorðnir og börn 6 ára og eldri: 1 munnsogstafla er látin leysast hægt upp í munninn 2-3 klst. fresti. **Frábendingar:** Ófræmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefna. **Varnaðarorð og varúðarreglur:** Ekki nota stærri skammt en ráðlagður er. Sjúklingurinn skal leita læknis ef hann er í vafa eða ef einkenni lagast ekki eða versna innan nokkurra daga. Lyfið inniheldur ísómalt og maltitol sem geta haft væg hægðalosandi áhrif. Sjúklingar með arfgengt fruktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki taka lyfið. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# Vaskur

Sérblandaður rúðuvökvi fyrir íslenskar aðstæður



Inniheldur fjölliðublöndu sem virkar hratt og vel á olíuhimnur og önnur erfið óhreinindi.

Lengir endingu þurrkublaða

Frostþol **-18°C**

CW:100 hefur fengið eftirfarandi viðurkenningar fyrir gæði og virkni í Þýskalandi



Framúrskarandi  
fyrirtæki 2012

**Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

## MERKISATBURÐIR

**1134** Magnús Einarsson er vígður biskup í Skálholti af Össuri erkibiskupi í Lundi.

**1449** Kristján I. er krýndur konungur Danmerkur.

**1601** Rúðolf II., keisari Hins rómverska keisaradæmis, kaupir öll stjörnuskoðunartæki Tycho Brahe af Kirsten ekkju hans.

**1780** Reynistaðabræður leggja af stað úr Árnassýslu norður Kjöl við fimmta mann, með 180 kindur og 16 hesta. Mennirnir farast allir í Kjalhrauni.

**1981** Hrauneyjafossvirkjun í Tungnaá er tekin í notkun.

**1987** Páttur Hermanns Gunnarssonar, Á tali hjá Hemma Gunn, hefur göngu sína í Sjónvarpinu.



ÓMA ÍSLANDSLÖG Tónlist Gunnars Þórðarsonar er fyrirferðarmikil á tónleikunum. FRÉTTABLAÐID/VALLI

## Helstu smellir poppsögunnar

Tónleikarnir Óma Íslandslög verða á Akureyri og Eskifirði um næstu helgi.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Tónlistarmiðstöð Austurlands og Kór Fjarðabyggðar sameina krafta sína ásamt Gunnari Þórðarsyni, Daniel Þorsteinssyni og ein-söngvurunum Heiðu Ólafs og Matta Matt á tónleikunum Óma Íslandslög – íslensk poppsaga '60-'80 sem haldnir verða um næstu helgi.

Nánar tiltekið fara sýningarnar fram laugardaginn 2. nóvember í Hofi á Akureyri og sunnudaginn 3. nóvember í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði.

Tónleikarnir eru helgaðir helstu perlum íslensku poppsögunnar frá árunum 1960 til 1980 þar sem lög Gunnars Þórðarsonar skipa veigamikinn sess. Gunnar Þórðarson fagnar í ár hálfri aldar afmæli sem tónlistarmaður enda er tónlist hans þjóðkunn og fjölbreytt og hefur fylgt mörgum á lífsleiðinni. Nýjasta þrekvirki hans svo dæmi séu tekin er óperan Ragnheiður sem hlaut einróma lof.

Á efnisskrá tónleikanna 2. og 3. nóvember verða lög á borð við Starlight, To Be Grateful, Dont Try to Fool Me, Söknuður og Disco Frisco og hljómsveitarstjórn og útsetningar eru í höndum Gunnars Þórðarsonar og Daníels Þorsteinssonar.

Auk 20 manna strengja- og rytmískrar hljómsveitar kemur fram 50 manna kór undir stjórn Gillian Haworth.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**AÐALHEIÐUR SIGRÍÐUR SVAVARSDÓTTIR**  
Gullsmára 7, Reykjavík

lést á Landspítalanum við Hringbraut síðastliðinn föstudag.

Ólafur Tryggvason  
Svavar Tryggvason  
Sigrún Tryggvadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Halla Stefánsdóttir  
Aðalbjörg Jóhannesdóttir



PETTA GERÐIST 28. OKTÓBER 1886

## Frelsisstyttnan vígð

Á þessum degi árið 1886 vígði Grover Cleveland, forseti Bandaríkjanna, frelsisstyttna í höfninni í New York. Styttnan, sem er 46 metra há, var gjöf frá Frökkum til Bandaríkjanna. Hugmyndin að styttni kom frá franska sagnfræðingnum Edouard de Laboulaye til að minnast samstarfs Frakka og Bandaríkjanna í uppreisninni gegn Bretum.


Styttnan var hönnuð af Frederic-Auguste Bartholdi og er af konu sem lyftir kyndli til himins. Hið geysistöra stálvirki styttnar var hannað meðal annars af Alexandre-Gustave Eiffel sem hannaði Eiffeltúrninn í París.

Í maí árið 1884 lauk gerð styttnar

í Frakklandi og þremur mánuðum síðar var lagður hornsteinn að undirstöðum hennar á Bedloe-eyju við New York. Í júní 1885 kom styttnan í bútum til Nýja heimsins. Uppsetningu styttnar lauk þann 28. október 1886 í vígslu sem forsetinn leiddi.

Á stali styttnar er ljóð eftir Emmu Lazarus sem býður innflytjendur velkomna til Bandaríkjanna en árið 1892 varð Ellis-eyja í New York-höfn skráningarmiðstöð fyrir innflytjendur.

Árið 1924 var styttnan gerð að minnismerki og árið 1956 fékk Bedloe-eyja nafnið Liberty-eyja. Miklar endurbætur voru gerðar á styttni á níunda áratugnum.



## Gegn staðalímyndum

Skilaboð affreyngariðnaðarins hafa slæm áhrif á sjálfsmynd bæði stelpna og stráka, að mati starfshóps um leiðir til að vinna gegn óæskilegum og neikvæðum áhrifum staðalímynda. Hópurinn hefur starfað í tæpt ár og skilar niðurstöðum um áramótin.

„Þessi starfshópur, sem fjallar um leiðir til að vinna gegn óæskilegum og neikvæðum áhrifum staðalímynda, fór af stað í byrjun ársins og skilar af sér niðurstöðum um næstu áramót,“ segir Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi, sem er formaður hópsins en í honum sitja fulltrúar fjölmargra hagsmunaaðila, eins og Háskólans, kennara, frístundaráðgjafa og foreldra.

Eitt af verkefnum hópsins var að hrinda af stað þróunarverkefni í þremur skólum, Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla, þar sem hátt í tíu kennarar vinna sérstaklega með fyrirbærið „staðalímyndir,“ á miðstigi, eða fimmta til og með sjöunda bekk.

„Háskólinn er að meta áhrifin fræðilega og við metum svo verkefnið í lok annar, hvort það hafi breytt einhverju um hugmyndir unga fólksins,“ bætir Oddný við.

Sérstaklega er verið að einblína á neikvæð áhrif staðalímynda á stelpur og stráka sem þau innbyrða frá affreyngariðnaðinum, myndböndum, tísku og tónlist. „Síðastliðinn áratug hafa skóla- og frístundamálayfirvöld í Reykjavík haft áhyggjur af þeim skilaboðum sem berast börnum og unglingum frá margvíslegum miðlum.“

Affreyngariðnaðurinn, tískuheimurinn, auglýsingar og tónlistarmyndbönd draga gjarnan upp mynd af fólki sem tæpast nokkur getur uppfyllt og afturhaldssamar staðalímyndir um hlutverk kynjanna eru síður en svo á undanhaldi. Þetta er samdóma álit margra sérfræðinga sem veita borginni ráðgjöf í þessum efnun, til dæmis Lýðheilsustöðvar, Rannsóknarstofu HÍ um jafnrétti, kyngervi og menntun (RannKyn) og forstöðumanna frístundamiðstöðva.

„Við sjáum á mælingum í gegnum Skólapulinn, sem mælir til dæmis virkni, vellíðan og hvernig nemendum líður í skóla, að sjálfstraust stúlkna fer þverrandi þegar ákveðnum aldri er náð, meiri kvíði og minna sjálfstraust er hjá stelpum en strákum,“ bætir Oddný við.

Ástæðan er líklega að vissu leyti áhrif frá affreyngariðnaði þar sem skilaboð til stelpna eru að þær þurfi að líta út eins og flottu og frægu stelpurnar. Það veldur vanlíðan, kvíða og sjálfstraustið minnkar. „Þetta getur haft í för með sér til dæmis hættulegar megrunaraðferðir, ónægju með útlit og í verstu tilfellum átröskun,“ segir Oddný að lokum. - gunnarleo@frettabladid.is



## Fengu myndarlegan styrk

Dömulegir dekur dagar styrktu Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis.

Dömulegir dekur dagar veittu fulltrúa Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis 900.000 króna styrk á fimmtudag.

Dömulegir dekur dagar eru árlegur viðburður á Akureyri, haldinn um miðjan októbermánuð, og í fyrra hófst samstarf með Krabbameinsfélagi Akur-

eyrar og nágrennis sem fólst í því að skipuleggjendur Dömulegra dekur daga létu framleiða handþrykta fallega taupoka sem seldir voru til styrktar félaginu.

Leikurinn var svo endurtekinn í ár og rennur allt söluandvirði pokanna til félagsins.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## ÓVENJULEG VEGGSPJÖLD

Sýningin SKVÍS stendur nú yfir í Spark Design Space, Klappargötu 33. Sýningin samanstendur af nýjum veggspjöldum eftir grafiska hönnuðinn Sigga Eggertsson, sem getið hefur sér gott orð innan lands sem utan. Veggspjöldin eru sérstök, þau raðast upp í símunstur og því hægt að nota sem veggfóður.



**Sjálfvirkur hurðaropunarbúnaður** fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi. Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

**JARN&GLER**

Skútuvogi 1h | 104 Reykjavík | Sími: 585 8900 | jarnkler.is



## MENNINGARLEGT HEIMILISHALD

**HEIMILI** Rákel Steinarsdóttir myndlistarmaður flutti inn í 110 ára gamalt hús í miðbænum og stendur þar fyrir menningarstarfsemi meðfram heimilislífinu.

**B**örnin eru að tínast af heimilinu, vaxin úr grasi og mér fannst heimilislífið hreinlega orðið of rólegt. Ég ákvað þess vegna að opna menningarhús heima hjá mér," segir Rákel Steinarsdóttir myndlistarmaður, en hún hefur opnað menningarhús á heimili sínu á Frakkastíg.

Í húsinu voru skrifstofur Garðyrkjufélags Íslands í 25 ár en það var upphaflega byggt sem íbúðarhús árið 1903. Rákel féll fyrir andanum í húsinu við fyrstu heimsókn.

„Það er ofsalega góður andi hér og notalegt að vera í svona gömlu timburhúsi. Þetta er hús með sál og mikla jarðtengingu. Framkvæmdirnar eru gerðar í hænuskrefum, hér er ekkert eldhús enn þá og ekkert bað. Þetta er svoltið eins og í útilegu og við nýtum okkur sundlaugarnar á meðan. Við erum þó með lítinn eldhúskrók og finnst bara notalegt að sitja svona þétt," segir Rákel bro-

andi og lætur eldhúsléysið ekki aftra sér frá að bjóða gestum. „Ég held matarboð og sníð þá bara réttina eftir aðstæðum.“

Niðri í kjallara hússins hefur Rákel komið upp vinnustofu. Þar áætla hún einnig að kenna einstaklingsnámskeið í myndlist fyrir fólk með sérþarfir en sá hópur er Rákel hugleikinn. Á hæðinni verður sérhæft galleri þar sem kynntur verður hópur samtímalistamanna sem vinna meðal annars með gjörninga og innsetningar. Áhersla gallerísins verður á teikningar og pappírverk.

„Næstkomandi laugardag er Dagur myndlistar og þá verður opið hús hjá mér milli klukkan 14 og 17. Í desember verður sett upp samsýning nokkurra listamanna sem mun teygja sig frá planinu hjá mér, gegnum garðinn hjá nágretta mínum sem einnig er myndlistarmaður, upp portið og út á Laugaveg. Þema þeirrar sýningar verður eflaust kærleiksríkt," útskýrir Rákel.

**HÚS MEÐ SÁL** Rákel Steinarsdóttir myndlistarmaður opnar menningarhús heima hjá sér í 110 ára gömlu húsi á Frakkastíg. Opið hús verður 2. nóvember á Degi myndlistar, milli klukkan 14 og 17. MYND/DANIEL



## HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel upp á rafgeyminn í vetur.



12v 0,8A

12v 5,5A

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

**TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

# HAUST

## tilboðsdagar

**25-50% afsl.**

af hágæða sængurverasettum í stærðum 140x200 / 140x220 / 200x200 og 200x220 cm

**12 mán.**  
vaxtalausr  
greiðslur\*

**Gerðu gæða- og verðsamanburð**

**25% afsl.**

af vönduðum hægindastól með ljósu leðri

Verð nú aðeins kr.

**67.425.-**

Nokkrar skipti- / sýningar- og útlitsgallaðar dýnur í mismunandi stærðum með

**verulegum afslætti**

Fimm stjörnu verslun

**Svefn & heilsa**

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

\*3.5% lántökugjald



Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Of hátt rakastig er forsenda myglusvepps  
Eru aðstæður fyrir myglusvepp?

# RAKI?

purrtækin draga úr loftraka

## íshúsið

Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata. S: 566 6000

Stoppa myglu  
Lágmarkar raka  
Bætir loftgæði

**HOLLUR OG GÓÐUR**  
...líka fyrir börn

**Culiacan**  
Suðurlandsbraut 4a  
533 1033 www.culiacan.is



**Eldstöðin**  
Kraumandi kaffihús við Tryggvagötu

Léttir og hollir réttir • Morgunmat • Kaffitárs-kaffi • Happy Hour  
Úrvals aðstaða fyrir mannfagnaði og kynningar

Opið 9.00 – 22.00 alla daga. **ELDSTÖÐIN**

Volcano House | Tryggvagata 11 | Tel. 555 1900  
www.volcanohouse.is | info@volcanohouse.is

**HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU**

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi [fjolpostur@frettabladid.is](mailto:fjolpostur@frettabladid.is)

# FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Prentmiðalörnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


# MEÐ MATREIÐSLU-BÓKINA Í SÍMANUM

**NÝTT SMÁFORRIT** Markaðsráð kindakjöts hefur sett fyrsta uppskrifta-smáforritið á markað. Þar má finna ljúffengar uppskriftir úr lambakjöti.

Fyrsta íslenska uppskrifta-smáforritið (app) leit dagsins ljós í sumar þegar Markaðsráð kindakjöts setti á markað smáforritið Lambakjöt. Með því fær notandinn aðgang að hundruðum ljúffengra uppskrifta af vefnum lambakjot.is, auk kennslu-myndbanda og tilboða. Það voru H:N Markaðsviðskipti sem unnu smáforritið og segir Páll Guðbrandsson, viðskiptatengill hjá H:N, að eitt af helstu markmiðum Markaðsráðsins hafi verið að auka og auðvelda aðgengi neytenda að lambakjöti. „Samhliða því sem Markaðsráðið hefur hvatt sláturleyfishafa til að þróa stærðir sem samræmast breyttum þörfum markaðarins hefur það með nýja lambakjöts-appinu komið á framfæri uppskriftum sem auðveldar áhugasömum að elda lambakjöt oftar og á einfaldari máta.“

Vefurinn lambakjot.is og smáforritið eru samstillt þannig að notendur geta til dæmis skoðað uppskriftir á tölvuskjá og vistað uppáhaldsuppskriftir sínar sem geymast í símanum. „Þetta eru í raun tvær gáttir að sömu upp lýsingum. Þannig nýtist síminn sem innkaupalisti þegar keypt er í matinn. Krónan býður auk þess afslátt á kjöti vikunnar og fleiri verslanir munu bættast í hópinn á næstunni.“

Uppskriftirnar eru í senn ljúffengar og nýstárlegar. „Mjög margar uppskriftir eru frá Nönnu Rögnvaldardóttur og síðar bættust í hópinn Úlfar Finnbjörnsson og Friðgeir Eiríksson



frá Hótel Holti. Það eru því engir aukvisar sem koma að þessu verkefni.“

Viðtökurnar hafa farið fram úr væntingum að sögn Páls. „Yfir 3.200 manns hafa halað smáforritinu niður. Við lögðum meiri áherslu á að fá inn virka notendur sem við gætum átt langtímasamskipti við frekar en að fá stóran hóp sem er hugsanlega bara að elta við eitt opnunartilboð.“

Smáforritið er bæði í fáanlegt fyrir Android- og iPhone-síma og kostar ekkert. Nánari upplýsingar má nálgast á [www.lambakjot.is](http://www.lambakjot.is).

■ [starri@365.is](mailto:starri@365.is)



**LAMBAKJÖT Í SÍMANUM**

„Það eru því engir aukvisar sem koma að þessu verkefni,“ segir Páll Guðbrandsson hjá H:N.

MYND/GVA

## HEIMA VIÐ | HEIÐAR JÓNSSON, SNYRTIR OG FYRRVERANDI FLUGÞJÓN

# PÍNULÍTIÐ „ALLT Í DRASLI“

Heiðar Jónsson var að senda frá sér bókina Litgreining og stíll sem rauk upp metsölulista Eymundssonar. Heiðar hefur nóg að gera við að kynna bókina en gaf sér þó tíma til að svara nokkrum spurningum.

**Hvað ert þú helst að fást við þessa dagana?**

Ég er að kynna nýju bókina mína í bókabúðum og snyrtivörudeildum, einnig Oroblu-jóla-sokkabuxurnar og L'Oréal-snyrtivörurnar. Svo held ég fyrirlestra um alls konar lífsstílstengt efni og „andast í heimahúsum“.

**Stendur þú í einhverjum framkvæmdum á heimilinu eða hefur nýlokið við?**

Ég hef svo mikið að gera að ég rétt næ að halda öllu í horfi í litla kotinu. Margrét Sigfúsdóttir kenndi mér að hata skít en gat ekki losað mig við að þurfa að hafa pínulítið „Allt í drasli“ hjá mér.

**Ertu duglegur að breyta og bæta heima við?**

Nei, karlinn býr svo smátt að

möguleikarnir eru hverfandi en myndir af barnabörnum þróað hratt með uppvexti þeirra á litla veggplássinu.

**Er einhver hlutur sem þig langar sérstaklega mikið í þessa dagana?**

Nýja ryksugu og brauðrist (þoli ekki orðskrípið ristavél) en bæði þessi tæki líta út fyrir að hafa farið hringvegin.

**Hver er uppáhaldshluturinn þinn í eldhúsinu?**

Blandarinn sem gerir mér kleift að gera græna „djúsa“ og sannfæra mig um að mataræði mitt sé afar heilsusamlegt. Engifer, spínat, banani, mangódjús, kókosmjólk og teskeið af lífrænu hnetusmjóri. Ekki verra að þá dettur mér alltaf í hug hin síyndislega Edda Björgvins og styrkist í að reyna að vera ekki umhverfismengandi í fasi og framkomu.

**Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn á heimilinu?**

Glæsirúmið mitt frá feðurðardrottningu Íslands 1980. Hún rekur Svefn&heilsu ásamt fyrrverandi herra Útsýn.



**MEÐ NÝJA BÓK**

Heiðar komst á metsölulista Eymundssonar í síðustu viku með nýja bók sína, Litgreining og stíll.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434  
**Sverrir Birgir Sverrisson**, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, [kolli@365.is](mailto:kolli@365.is), s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**





# Stofnun SORPU – gæfuspor fyrir íbúa

Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa nú innleitt blátunnuna en með því er stigið stórt skref í átt að aukinni endurvinnslu á heimilissorpi. SORPA hefur umsjón með móttöku efnisins en innleiðingin hefur þegar dregið verulega úr urðun úrgangs.

Það ríkir mikil gleði á höfuðborgarsvæðinu, en tekið hefur verið risastórt skref í átt að aukinni endurvinnslu á heimilissorpi með innleiðingu Blátunnunnar svokölluðu sem öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa innleitt. Á Íslandi bera sveitarfélögin ábyrgð að þessi þjónusta sé veitt og er hún ein af grunnskyldum þeirra.

Ekki eru mörg ár síðan úrgangsmál voru í miklum ólestri og muna margir eftir ruslahaugunum. Því var það gæfuspor þegar sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tóku höndum saman og stofnuðu byggðasamlagið SORPU bs. sem hóf starfsemi árið 1991. SORPU ber að gæta almannahags í úrgangsmálum. Fyrirtækið er rekið á grundvelli sjálfskostnaðar (not-for-profit) og þurfa þjónustugjöld og innri tekjur því að standa á móti kostnaði, sem lýst er í gjaldskrá fyrirtækisins.

Fræðsla um lágmörkun úrgangs og minnkun úrgangs til urðunar er eitt af verkefnum SORPU og lausnir til að koma til móts við það leiddu til þess að eigendur SORPU sáu sér fært að afhenda íbúum tunnu undir allt pappírsefni sem heimili þurfa að koma frá sér.

Blátunnuvæðing – allt pappírshráefni í eina tunnu, er verkefni sem sveitarfélögin settu á fót en með því var stigið skref í átt að samræmdu kerfi á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægum áfanga hefur verið náð í aukinni endurvinnslu og að draga úr urðun úrgangs. Með blátunnunni minnkar magn til urðunar frá hverjum íbúa og nú hafa flest sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu komið tunnu undir pappír til íbúa sinna. Þannig gefst öllum íbúum kostur á að flokka úrgang við húsdýrnar hjá sér og minnka þannig úrgang sem fer í gráu tunnuna og er urðaður. Með blátunnu hafa sveitarfélögin lagt metnað sinn í að koma til móts við íbúa og færa þjónustuna nær þeim.

Reykjavíkurborg hefur annan háttinn á. Slagorð hennar er „pappír er ekki rusl“ og er íbúum gefinn kostur á að leigja sér blátunnu, nýta sér grenndargáma eða finna sér aðra leið til að



Margrét Gauja er ánægð með hversu vel höfuðborgarbúar hafa brugðist við blátunnuvæðingunni.

koma frá sér pappír þar sem bannað er að henda pappírsefnum í gráu tunnuna. Burtséð frá leiðinni sem valin er þá einfaldar blátunna íbúum að koma endurvinnanlegu hráefni til endurvinnslu.

Í blátunnu skal setja allan pappírúrgang; dagblöð og tímarit, pappírsumbúðir eins og morgunkornskassa, kek-pakka, bylgjupappa og annan pappír sem fellur til á heimilinu og ekki er menngaður til dæmis matarleifum.

Sveitarfélögin sjá til þess að efnið sé sótt í tunnuna og SORPA sér um móttöku efnisins. Bylgjupappi er flokkaður vélrænt frá öðru pappírsefni og baggaður sér. Annað pappírsefni er einnig baggað og allt efnið er að lokum sett í gáma og flutt til endurvinnslu hjá móttökuaðila í Svíþjóð.

Með því að koma pappír til endurvinnslu, minnkar magn lífræns úrgangs á urðunarstað um 25 prósent sem er ansi stórt hlutfall í ljósi þess að

# sorpa.is


á viku hverri eru 300-400 tonn urðuð (grafin í jörðu).

Ég vil óska höfuðborgarbúum öllum innilega til hamingju með þetta fyrsta risavaxna skref. Þau eru oft erfiðust en miðað við móttökurnar hingað til er framtíðin björt þegar kemur að því að draga úr urðun og auka endurvinnslu.

Margrét Gauja Magnúsdóttir  
Stjórnarformaður SORPU

” Með því að koma pappír til endurvinnslu minnkar magn lífræns úrgangs á urðunarstað um 25 prósent.

# Byggðasamlagið SORPA – almannapjónusta í almanneign



Blátunnvæðing sveitarfélaganna er fyrsti hluti þessarar áætlunar. Með notkun blátunnunnar nást tvö markmið í einu, þ.e.a.s. efnisendurvinnsla eykst um leið og dregur úr urðun á lífrænum úrgangi. Næsta skref í þessari áætlun er síðan gerð gas- og jarðgerðarstöðvar þar sem unninn yrði lífrænn úrgangur.



„**Blátunnvæðingin er enn eitt framfaraskrefið í umhverfismálum.**“

**SORPA bs.** annast lögboðið hlutverk um meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörð, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Garðabæ. SORPA rekur endurvinnslustöðvar fyrir sveitarfélögin, móttöku- og flokkunarstöð Gufunesi, urðunarstað í Álfsnesi og Góða hirðinn, nytjamarcað SORPU og líknarfélaga. Einnig hefur SORPA umsjón með grendargámum fyrir pappírs- og plastúrgang.

„SORPA sér ekki um sorphirðu heldur eingöngu móttöku úrgangs. Í móttöku-stöð okkar í Gufunesi koma sorphirðubílar af öllu höfuðborgarsvæðinu og þar tökum við á móti blönduðum og flokkuðum úrgangi sem við komum í réttan farveg. Blandaður, óendurvinnanlegur úrgangur er urðaður í Álfsnesi en fer fyrst í hakkavél og þaðan á segulfæribönd sem nær úr honum málmum sem einnig fer í endurvinnslu,“ útskýrir Björn framkvæmdastjóri um dagleg verkefni SORPU í þágu umhverfisins.

SORPA leggur áherslu á að leita skynsamlegustu leiða í meðhöndlun úrgangs og flokkun efna til endurvinnslu, með hagkvæmni og langtímahagsmunum samfélagsins að leiðarljósi. Mikill tími og fjármunir hafa farið í að leita hagkvæmstu leiða, bæði út frá hagrænum og umhverfislegum sjónarmiðum. Mikið og gott samstarf hefur verið við önnur sorpsamlög, allt frá Markarfljóti í austri að Gilsfjarðarbotni í vestri. Þetta samstarf hófst með gerð fyrstu svæðisáætlunarinnar um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt var árið 2005. Öll sveitarfélögin á ofangreindu svæði samþykktu áætlunina en þar má segja að meginsteifið hafi verið „að tala einum rómi“ og að þess verði gætt að rugla ekki íbúa í rýminu með margföldum og misvísandi skilaboðum. Önnur áætlunin var síðan samþykkt árið 2009 og gildir hún til 2020. Í undirbúningi þeirrar áætlunar var lögð mikil vinna í að skoða tæknilegar lausnir sem uppfylltu settar kröfur. Þessar áætlunir geta áhugasamir nálgast á vef verkefnisins, [www.samlausn.is](http://www.samlausn.is). Í ofangreindri svæðisáætlun er tæknilegum lausnum raðað í forgagnsröð.

#### TÖLUM EINUM RÓMI

Á þeim árum sem SORPA hefur starfað með sveitarfélögunum að betri úrgangsstjórnun og framförum á því sviði hafa hin sameiginlegu skref orðið til að


ná skjóttum árangri til aukinnar endurvinnslu. Fyrstu grendargámarnir fyrir pappír juku endurvinnslu á höfuðborgarsvæðinu verulega og þróun síðustu ár í grendargámakerfinu bætti um betur. Blátunnvæðing á höfuðborgarsvæðinu er enn eitt framfaraskrefið í umhverfismálum og má sjá umtalsverðan árangur í auknu pappírsefni til endurvinnslu.

#### VINNSLA Á LÍFRÆNUM ÚRGANGI


Bygging gasgerðarstöðvar er eitt af þeim framtíðarverkefnum sem unnið er að þessa stundina. Hugmyndir að fjármögnunarleiðum hafa verið kynntar eigendum en verkefnið bíður nú eftir að endanleg staðsetning verði ákveðin.

Áætlað er að byggingartími verði um 18 mánuðir. Um leið og tekin verður í notkun gasgerðarstöð mun ferli í móttökustöð einnig breytast en nákvæm útfærsla á því liggur ekki fyrir. Augljóslega þarf síðan að huga að söfnunarþættinum þ.e.a.s. flokkun og söfnun úrgangsins frá heimilum. Það verkefni er á hendi sveitarfélaganna en ljóst er að þetta verður allt að passa saman, þ.e.a.s. ferli frá heimili að fullbúinni framleiðslu úr úrganginum. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir að það þurfi sérstaka söfnun á lífrænum úrgangi þar sem sú tæknilega lausn sem valin hefur verið krefst þess ekki. Vera má hins vegar að síðar komi að því skrefi.

Þegar rætt er um lífrænan úrgang er oft sá misskilningur uppi að þá sé eingöngu verið að tala um matarleifar, en lífrænn úrgangur innifelur fleiri úrgangsflokka. Til lífræns úrgangs telst t.d. pappír, pappi, bylgjupappi, textill, timbur, bleyjur, bindi, bómull, afþurrkunarpappír, ryksugupokar, blómapottamold og hunda- og kattasandur. Einfaldast og ódýrast er að ná út pappír, pappa og bylgjupappa eins og sveitarfélögin hafa nú gert með blátunnvæðingu. Sú tæknilega lausn sem nýta á við vinnslu verður því að ráða við margar tegundir úrgangs, ekki eingöngu matarleifar. Væri eingöngu um að ræða matarleifar væri verkefnið af öðrum toga en krafa stjórnvalda er að það skuli draga úr urðun á öllum lífrænum úrgangi, ekki bara matarleifum. Gott dæmi um stóran lífrænan úrgangsflokk frá heimilum eru bleyjur sem eru á bilinu 5-7% af heimilisúrganginum. Þessum úrgangi þarf einnig að tryggja rétta meðhöndlun og er ekki hægt að vísa á einhvern annan í þeim efnum.



Eins og sést á myndinni hafa íbúar tekið vel við sér og er sérstök ástæða til að þakka íbúum höfuðborgarsvæðisins fyrir hve vel þeir hafa tekið þessari nýjung sveitarfélaganna.



# Baðlínan

MÁNUDAGUR 28. OKTÓBER 2013

Kynningarblað Baðherbergi, sturtur, salerni, flísar, blöndunartæki.



Guðmundur Haukur Reynisson, sölustjóri Baðlínunnar, í glæsilegu húsnæði Baðlínunnar í Bæjarlind.

MYND/GVA

## Við sjáum um allt fyrir þig!

Baðlínan býður upp á heildarlausnir fyrir baðherbergið, allt frá niðurrifi til fullnaðarfrágangs. Baðlínan er með stórglæsilega verslun og sýningarsal í Bæjarlind 4, þar sem 23 fullbúin baðherbergi eru til sýnis ásamt úrvali af því sem tengist baðherbergjum.

**H**ugmyndafræðin á bak við Baðlínuna er að þú getir komið til okkar og fengið allt á einum stað sem þarf fyrir endurgerð baðherbergisins," segir Guðmundur Haukur Reynisson, sölustjóri Baðlínunnar. „Við erum eina fyrirtækið á markaðnum sem býður upp á þessa heildarlausn fyrir baðherbergið, en hjá okkur starfa sérhæfð teymi iðnaðarmanna sem sjá um verkþáttinn og svo er Baðlínan með stórglæsilega verslun og sýningarsal í Bæjarlindinni, þar sem viðskiptavinurinn getur valið allt inn á baðið," upplýsir Guðmundur. Hann bendir jafnframt á að starfsmenn Baðlínunnar veiti faglega ráðgjöf við val á flísar, innréttingum, tækjum og öðru efni, teikni upp fyrir viðskiptavininn nýtt baðherbergi og gefi honum svo tilboð í alla verkfræmðina.

„Verslun Baðlínunnar er öðruvísi uppbyggð en flestar verslanir á markaðnum, en við höfum sett upp yfir tuttugu sýningarbása þar sem viðskiptavinurinn getur séð fjöldann allan af útfærslum og skemmtilegum hugmyndum að nýju baðherbergi. Margir tala til dæmis um hve skemmtilegt er að horfa á flísarnar sem þeir eru að hugsa

um settar upp í réttu umhverfi og einnig innan um mismunandi útfærslur af innréttingum, sturtuklefum, lýsingu og öðrum baðtækjum," segir hann.

### Með góða iðnaðarmenn á sínum snærum

Það getur verið mikið umstang að halda utan um vinnuna við baðherbergið. Til dæmis að fá réttu iðnaðarmennina, tíma-setja verkið og eins að velja allt inn á baðherbergið. „Við finnum mikið fyrir því, enda talar fólk oft um að það sé orðið hálf-ringlað og að allt ferlið sé flókið. Það má því segja að fólk sé almennt séð rosalega ánægt með að Baðlínan bjóði upp á þessa einföldu og skemmtilegu heildarlausn," segir Guðmundur.

Hann segir heildarlausnina hjá Baðlínunni nefnilega einfalda og að hún sé framkvæmd í mjög skipulegu ferli. „Viðskiptavinurinn getur annars vegar valið um að fá sölumann frá Baðlínunni heim til sín til að ræða við hann um hugmyndir og útfærslur að nýju baðherbergi eða hins vegar sent á okkur tölvupóst eða komið í heim sókn í Baðlínuna með ljósmyndir af bað-

herberginu eins og það lítur út í dag, ásamt málum og nokkrum línunum að hugmynd að nýju útliti," útskýrir Guðmundur. Út frá hugmyndum viðskiptavinarins og lausnum frá sölumönnum eru teiknaðar upp útfærslur að nýju baðherbergi og gefin tilboð í alla framkvæmdina, svo fólk sjái heildarkostnaðinn við verkið. „Ef óskað er eftir sölumanni heim, þá er skoðunargjaldið hjá okkur mjög sanngjarnt eða 10.000 kr. fyrir allt ferlið. Ef fólk hins vegar sendir okkur gögn á tölvupósti eða kemur í Baðlínuna þá tökum við ekkert gjald fyrir það.“

### Glæsilegt úrval

Í framhaldi af hönnun og kostnaðaráætlun velur viðskiptavinurinn allar vörur inn á baðið, en úrvalið í Baðlínunni nær yfir allt það sem viðskiptavinurinn þarfnast. Glæsilegt úrval er af flísar, blöndunartækjum, sturtuklefum, sturtugleri, baðkörungum, salernum, innréttingum, speglum, ljósum, handklæðaofnum, niðurföllum og svo framvegis.

„Framkvæmdin sjálf er mjög þægileg fyrir viðskiptavininn en einn verkstjóri er yfir verkinu og sér hann til þess að verkið

sé framkvæmt á eðlilegum tíma og gangi vel fyrir sig. Viðskiptavinurinn þarf því aðeins að hafa samskipti við einn aðila í gegnum allt verkferlið, sem er náttúrulega mjög þægilegt," segir Guðmundur. Hann bendir á að ef allur efnis- og tækjapakinn er einnig keyptur hjá Baðlínunni, sjái Baðlínan til þess að öll undirefni, flísar, innréttingar, gler og tæki komi á staðinn við verkbyrjun. „Það er mjög þægilegt fyrir alla aðila, í staðinn fyrir að verið sé að kaupa hlutina á mörgum stöðum en þá er hætta á því að eitthvað fari úrskeiðis og töf verði á verkinu.“

### Gæðamerki

Baðlínan leggur áherslu á vönduð vinnubrögð og gæðavöru. Helstu vörumerki Baðlínunnar eru IFÖ, KALDWEI, TECE, IDEALSTANDARD, DURAVIT, HANS-GROHE, VOLA, MORA, GEBERIT, RAGNO, APAVISA, GEPADI, ROCA, PANARIA, CASALGRANDE og svo mætti lengi telja. „Nú er bara að einfalda lífið og kíkja í Baðlínuna, en opið er hjá okkur alla virka daga frá klukkan 10-18 og á laugardögum frá klukkan 11-15.“



Við sjáum um allt fyrir þig!

# Heildarlausnir fyrir baðherbergið

Í Bæjarlind 4 hefur Baðlínan opnað glæsilegan sýningarsal og verslun með allt sem þarf fyrir baðherbergið. Úrvalið er fjölbreytt, allt frá flísum, hreinlætistækjum, innréttingum, baðkörum, sturtuklefum, vöskum, salernum, ljósum og granítborðplötum að almennum fylgihlutum og hreinsivörum sem þú þarft fyrir baðherbergið þitt.

„Baðlínan býður upp á ráðgjöf og teikningu á nýju baðherbergi, tilboð í vinnu og efni, umsjón með framkvæmdinni og skipulag á verkinu.“



„Hjá Baðlínunni eru sérhæfð teymi fagmanna fyrir alla verkþætti sem snúa að baðherberginu, allt frá niðurrifi til fullnaðarfrágangs.“



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500

## Einbýli við Logafold

Bórunn Páls, REMAX Lind kynnr: Stórglæsilegt 309,3 fm einbýlishús á tveimur hæðum á sjávarlóð við Logafold á einum besta útsýnisstað við Grafarvoginn.

Komið er inn á efri hæð hússins. Úr forstofu er gengið beint inn í aðalrýmið, glæsilegar samliggjandi stofur og eldhús. Eldhúsinnréttingin er sérsmíðuð. Á efri hæð er nýlegt hnotuparkett. Inn af parkettlögðu hjónaherbergi er fataherbergi og vandað baðherbergi.

Gengið er niður steyptar tröppur með fallegu ljósu teppi. Reisuleg sólstofa á millihæð setur mikinn svip á húsið. Hún er flísalögð og með hurð út á hellulagðan pall, þaðan sem gengið er niður í garð.

Á neðri hæð er sérinngangur af góðri timburvernd með skjólveggjum. Á tímabili var íbúð í kjallara. Þar eru fjögur rúmgóð svefnherbergi, þar af tvö með skápum. Einnig eru tvö flísalögð baðherbergi, annað með baðkari, en hitt



Glæsilegt einbýli við Logaland í skjólgóðri suðurhlíð.

með sturtu. Þá er teppalagt sjónvarpshol, rúmgóð geymsla og yfir 20 fm þvottahús með steinteppi og innréttingu.

Stórglæsileg eign á mjög eftirsóttum stað sem vert er að skoða. Örstutt er í Foldaskóla, leikskóla og verslunarmiðstöðina í Hverafold.

Góðir göngustígar eru um allt hverfið.



Allar frekari upplýsingar veitir Bórunn Pálsdóttir í síma 773 6000 eða [thorunnp@remax.is](mailto:thorunnp@remax.is)



Klukkurimi 93 2.h.v.  
Opið hús þriðjudaginn 29. október kl. 17:30 – 18:00



3ja herbergja björt og rúmgóð íbúð í rólegri botnlangagötu. Lítið fjölbýli með aðeins 4 íbúðum og góðum afgirtum garði. Tengt fyrir þvottavél og geymsla innan íbúðar. Geymslu loft yfir íbúð. Aðeins hjólageymsla og stigagangur í sameign. Íbúðin er 86,6 fm - Verð 24,7 m

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

Sími 824 7772

[audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is)  
Auður Kristinsdóttir

Vísir þú að...  
þetta er þetta á aðstað  
og hjálpa ef þú koma í of þetta


**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
[einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)

KJARNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

Vatnsstígur 16-18 - 101 Reykjavík



fallæg og smekklega innréttað með vönduðum innréttingum. Sér staði í bílageymslu og lyfta beint úr bílageymslu. V. 139,0 m.

Prastarhöfði 49 – Mosfellsbæ



Íbúðin skiptist í forstofu, stóra stofu/boðstofu, eldhús, hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, baðherbergi m/kari og sér þvottahús. Mögulegt að setja upp svefnherbergi úr hluta af stofu. Íbúðinni fylgir geymsla og bílastæði í bílakjallara. V. 33,9 m.

Prastarhöfði 4-6 – Mosfellsbæ



Nýtt á skrá

4-5 herbergja Mosfellsbæ. Fallæg 116,3 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði og bílastæði í bílakjallara við Prastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stóra stofu/boðstofu, eldhús, hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, baðherbergi m/kari og sér þvottahús. Auk geymslu og bílastæðis í bílakjallara. V. 33,9 m.

Ásland 6B – Mosfellsbæ



Nýtt á skrá

125 m<sup>2</sup> parhús með bílskúr innst í botnlanga með fallegu útsýni við Ásland 6B í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi m/kari, sér þvottahús, stóra stofu og eldhús, einnig er risherbergi yfir hjónaherbergi. Góður bílskúr. V. 32,5 m.

Porláksgesli 52 - Reykjavík



Nýtt á skrá

209,7 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum á fallægum stað við Porláksgesla 52 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, sjónvarpshol, baðherbergi m/sturtu, þvottahús og bílskúr á neðri hæð og stofu, eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi m/sturtu og baðkari á efri hæð. V. 49,9 m.

Stóriðjargar 35 - 270 Mosfellsbær



Mjög fallegt 190,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr innst í botnlanga við Stóriðjargar 35 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í stóra stofu, boðstofu, sjónvarpshol, eldhús m/boðkrók, þvottahús m/sérútgangi, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, gestasalerni og tvöfaldan bílskúr. Fallæg aðkoma, gróinn lóð og stór timburverönd með heitum potti. V. 51,7 m.

Sóleyjarími 15 - 112 Reykjavík



Nýtt á skrá

Falleg 71 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á 4. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi fyrir 55 ára og eldri við Sóleyjarími 15 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Svalir eru yfirbyggðar. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. V. 23,2 m.

Laus strax

Stórikriki 37 - 270 Mosfellsbær



Um 200 m<sup>2</sup> einbýlishús í byggingu á fallegri jaðarlóð við Stórikriki 37 í Mosfellsbæ. Einstök staðsetning - Stór jaðarlóð með suðurgarði - Stórglæsileg og vandlega hannað einbýlishús á einni hæð. Húsið afhendist fullbúið að utan. Að innan skílast húsið fókheitt. Eignin verður tilbúinn til afhendingar í febrúar 2014. V. 42,5 m.

Klapparhlíð 30 - 270 Mosfellsbær



Björt og rúmgóð 112,6 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaiðbúð á jarðhæð með sér inngangi og sér verönd í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. 4m svefnherbergi. Timburverönd. Frábær staðsetning, rétt við leikskóla, grunnskóla og íþróttamiðstöð. V. 32,9 m.



**Jón Guðmundsson**  
Sölustjóri  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfínsson**  
Sökumáður  
gisti@fastmark.is



**Elín D. Wyszmirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Lindargata- Skuggi. Glæsileg 3ja herbergja íbúð.



Glæsileg og vönduð 100,9 fm. 3ja herb. íbúð á 2. hæð að meðtalinni 10,1 fm. sér geymslu í kjallara, í nýlegu lyftuhúsi í Skuggahverfinu.

Stæði í bilahúsi í kjallara fylgir íbúðinni. Stórar og bjartar stofur. Suðursvalir. Aukin lofthæð er í íbúðinni. Eik er í hurðum og innréttingum. Frábær staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. Mynddýrasími er í húsinu. **Glæsileg eign í miðbæ Reykjavíkur. Eigandi skoðar skipti á ódýrari eign miðsvæðis í Reykjavík.**

**Verð 42,9 millj.**

### 17. Júnitorg – Sjálandi Garðabæ. 2ja – 3ja herbergja útsýnisíbúð



Glæsileg 119,8 fm. 2ja - 3ja herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð í Sjálandi í Garðabæ auk sér stæðis í lokaðri og upphitaðri bílageymslu.

Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Rúmgóðar stofur, eitt svefnherbergi og sjónvarpshol. Auðvelt er að gera auka svefnherbergi í íbúðinni. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. Húsið stendur rétt við þjónustumiðstöðina í Jónshúsi og við hliðina á hjúkrunarheimilinu.

**Verð 45,0 millj.**

## EINBÝLISHÚS



### EINBÝLISHÚS Á EYRARBAKKA

Fallegt bárujárnsklætt 121,5 fm. einbýlishús á Eyrarbakka. Húsið stendur á 613,2 fm. leigulöð og er byggt árið 1900. Byggt var við húsið árið 2006 á vandaðan hátt og á sama tíma var eldra húsið allt endurnýjað

**30,0 millj.**

## 3JA HERBERGJA



### SÓLTÚN- REYKJAVÍK.

- Björt og vel skipulögð 102,6 fm. íbúð á 3. hæð.  
- Sér stæði í bílageymslu. Tvær geymslur í kjallara.  
- Suðursvalir. Fallegar samstæðar innréttingar úr eik.  
- Laus til afhendingar mjög fljótlega

**38,5 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



### ÁLFTAHÓLAR – RVK. 4RA HERB.

- Góð 108,6 fm. íbúð á 4. hæð að meðt. geymslu í kjallara.  
- Rúmgóð stofa með útgangi ásuðursvalir.  
- Þrjú herbergi. Lyfta.  
- Íbúðinni fylgir 29,6 fermetra bílskúr.

**25,9 millj.**

## SÉRBÝLI



### UNDRALAND- REYKJAVÍK.

- Afar vel skipulagt 277,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum.  
- Arinstofa. Samliggjandi borð- og setustofa.  
- Mögulegt er að hafa allt að 7 svefnherbergi í húsinu.  
- Gróinn og skjólsæll staður miðsvæðis í Reykjavík.

**75,0 millj.**

## ELDRI BORGARAR



### SLÉTTUVEGUR – REYKJAVÍK

- Glæsileg 69,3 fm. íbúð á 3.hæð fyrir 55 ára og eldri.  
- Yfirbyggðar svalir með frábæru útsýni.  
- Rúmgóð stofa. Ný tæki í eldhúsi. Geymsla á hæðinni.  
- Íbúðin er nýmáluð og parket nýlega slípað.

**27,9 millj.**



### BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.

- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.  
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskúr.  
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. 2 herbergi.  
- Sjávarútsýni af svölum. Þvottaherb. innan íbúðar.

**36,9 millj.**



### KLAPPARSTÍGUR

- Glæsileg 176,2 fm. útsýnisíbúð á tveimur efstu hæðum.  
- Sér stæði í bílageymslu. Prensar svalir til norðurs, austurs og suðurs. Sjónvarpsstofa með gólfíðum gluggum.  
- Glæsilegar stofur. Mikil lofthæð á efri hæð.  
- Stórkostlegt útsýni út á sundin.



### KÓPAVOGSBARÐ-KÓPAVOGI.

- Glæsilegt og vel hannað parhús á tveimur hæðum.  
- Eignin afhendist fullbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga. Vel hönnuð og vönduð eign.  
- Eignin er 315 fm. að stærð. Mikil lofthæð og miklir gluggar á efri hæð.

**69,5 millj.**

## NÝBYGGING



### LANGALÍNA 33-35 – NÝJAR ÍBÚÐIR.

Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í nýju og glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 109 fm. upp í 151 fm. og afhendast fullbúnar án gólfefna, en baðherbergi og þvottaherbergi skilast flísalögð. Eikarinnréttingar í eldhúsi og vönduð tæki. Sér stæði í lokaðri bílageymslu.



### LANGHOLTSVEGUR. 4RA HERBERGJA

- 92,4 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi.  
- Eldhús endurnýjað að hluta.  
- Tvö herbergi. Rúmgóð og björt stofa.  
- Gler og gluggar endurnýjaðir að mestu

**24,9 millj.**



### RAUÐHAMRAR- REYKJAVÍK.

- 4ra herb.113,4 fm. íbúð á 1. hæð auk 9,9 fm. geymslu.  
- Þrjú svefnherbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar.  
- Útgangur á flísalagðar suðursvalir bæði úr eldhúsi og stofu.  
- 20,9 fermetra bílskúr fylgir íbúðinni.

**32,7 millj.**



### MELGERÐI-KÓPAVOGI.

- Mikil endurnýjað 148,7 fm. tvílyft einbýlishús að meðt. 30,5 fm. bílskúr.  
- Húsið hefur að mestu verið endurbýtt á sl. 20 árum.  
- Ræktuð 816,0 fm. lóð með veröndum, skjólveggjum og heitum potti.

**52,9 millj.**



## KLEIFARÁS

### Kleifarás – Reykjavík

Vandað og veglegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr, ofan við götu í Seláshverfi. Tvær íbúðir eru í húsinu í dag og er möguleiki á góðum leigutekjum af neðri hæð. Fjöldi herbergja. Glæsilegur gróinn garður sem hefur verið vel hirtur í gegnum árin. Stór sólpallur. Eignin er staðsett á mjög fjölskylduvænum stað en stutt er í Elliðaárdalinn, sundlaug, íþróttahús, skóla og verslanir.

**Verð 69,9 millj.**



## BAKKAHJALLI

### Bakkahjalli- Suðurhlíðar Kópavogs

Glæsilegt 249,8 fm. parhús á tveimur hæðum með 26,0 fm. innbyggðum bílskúr á útsýnisstað í suðurhlíðum Kópavogs. Mikils útsýnis nýtur frá eigninni yfir dalinn og til suðurs. Rúmgóðar stofur/arinstofa með útgengi á suðursvalir. Fjögur herbergi auk sjónvarpsherbergis. Flísalagt baðherbergi auk gestasnyrtingar. Lóðin er 525,0 fm. að stærð, ræktuð og með timburverönd, skjólveggjum og heitum potti. **Verð 68,0 millj.**

## KIRKJULUNDUR



### Kirkjulundur 12 - 14, Garðabæ

- Glæsilegar 3ja – 4ra herbergja lúxusíbúðir með yfirbyggðum svölum og frábæru útsýni.
- Lyfta og sér stæði í bilageymslu.
- Íbúðirnar afhendast tilbúna án gólfefna, en baðherbergi, þvottaherbergi og gestasalerni flísalögð.
- Allar innréttingar eru sérsmíðaðar
- Eikarinnréttingar frá Fagus ehf.
- Afhending íbúða er í mars – apríl 2014.
- Stærðir íbúða eru frá 91,4 fm. upp í 136,7 fm.
- Íbúðirnar eru sýndar í samráði við sölumenn Fasteignamarkaðarins ehf.
- Byggingaraðili: Kristjánssynir ehf.

## STRANDVEGUR



### Strandvegur – Sjálandi Garðabæ. Tvennar svalir og sjávarútsýni.

Glæsileg 4ra herb. 140,4 fm. íbúð á 3. hæð í mjög vönduðu fjölbýlishúsi á sjávarkambinum við Strandveg í Garðabæ auk sér stæðis í bilageymslu. Tvennar svalir og frábært sjávarútsýni. Allar innréttingar og gólfefni eru úr eik. Rúmgóð stofa. Sjónvarpsstofa. Hjónasvíta með baðherbergi innaf. Frábær staðsetning alveg niður við sjóinn í Sjálandinu og stutt í fallegar göngu- og hjólaleiðir. **Verð 51,9 millj.**



## SÉRBÝLI



### SPORÐAGRUNN- REYKJAVÍK.

Glæsilegt 334,6 fm. einbýlishús á þremur hæðum auk um 30 fm. sólstofu. Sér 3ja herbergja íbúð er í kjallara, lítið niðurgráfin og með fullri lofthæð. Eignin er í góðu ásigkomulagi og hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á undanförmum árum. Aðalíbúð skiptist m.a. í rúmgott hol með arni, samliggjandi stofur með útgangi á stórar svalir til vesturs, sjónvarpsherbergi innaf stofum.

**95,0 millj.**

## SÉRBÝLI



### SIGURHÆÐ- GARÐABÆ

Mjög fallegt og vandað 292,0 fm einbýlishús að meðtöldum 44,0 fm. bílskúr í Hæðahverfinu í Garðabæ. Húsið stendur á 840 fm. skjólgóðri lóð með afgirtri verönd með heitum potti. Eldhús er nýlega endurnýjað. Nýtt og vandað aðalbaðherbergi. Ný gólfefni að hluta og hiti í gólum að hluta. Samliggjandi stofur með arni. 5 herbergi. Frábær staðsetning í góðu göngufæri við skóla.

**84,9 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



### LINNETSSTÍGUR – HAFNARFIRÐI. PENTHOUSEÍBÚÐ

Stórglæsileg og óvenju vönduð 157,4 fm penthouse íbúð ásamt tveimur sér stæðum í bilageymslu í nýlegu lyftuhúsi. Eignin er byggð árið 2005 og hefur aldrei verið búð í eigninni. Innréttingar eru í hæsta gæðaflokki. Gegnheilt parket. Hjónasvíta með baðherbergi og fataherbergi inn af. Stórar stofur með útgengi út á mjög stórar svalir sem liggja meðfram allri íbúðinni. Eignin er laus.

**65,0 millj.**



### MÝRARÁS – REYKJAVÍK.

Mjög fallegt 255,7 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 46,5 fm. tvöföldum bílskúr í Seláshverfi. Byggt var við suðvesturhlíð hússins fyrir nokkrum árum síðan. Ofan á þaki viðbyggingar er útsýnisverönd /svalir. Nýlegar innréttingar eru í eldhúsi. Stórar stofur með arni og mikilli lofthæð. 5 herbergi. 2 baðherbergi. Falleg afgirt lóð með veröndum og lýsingu.

**69,9 millj.**



### KAMBASEL - REYKJAVÍK.

Mjög gott 5 herbergja 188,9 fm. raðhús á tveimur hæðum í Breiðholti. Þar af er 20,8 fm. sambyggður bílskúr. Eldhús hefur verið endurnýjað og stækkað auk þess sem baðherbergi á neðri hæð er nýlega endurnýjað. Stofa með aukinni lofthæð. Arinstofa með útgengi á svalir til austurs. 4 herbergi. Húsið er í góðu ásigkomulagi að innan og utan og hefur alla tíð fengið gott viðhald.

**40,9 millj.**



### PINGHOLTSSTRÆTI. EFRI HÆÐ.

Glæsileg 98,9 fm. efri hæð á frábærum stað í Þingholtunum að meðtöldum tveimur geymslum í kjallara. Íbúðin að innan og húsið að utan hafa verið mikið endurnýjuð á sl. árum og er í mjög góðu ástandi. Stofur með útgangi á stórar svalir til suðvesturs. Mikil lofthæð og rósettur í loftum. Lökkuð furugólfboð. Hús nýlega málað að utan.

**39,9 millj.**

## GRANASKJÓL



### Granaskjól.

Glæsilegt um 340 fm. einbýlishús með innbyggðum bílskúr á þessum eftirsóttu stað í vesturbænum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförmum árum á vandaðan og smekklegan hátt. Rúmgóðar og bjartar stofur. Glæsilegt eldhús með sérsmíðuðum innréttingum. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Hátt til lofts á efri hæð. Garður í suður og vestur með um 60 -70 fm. veröndum úr harðviði og fallegri lýsingu. Hiti bæði í plani og stéttum við húsið. Frábær staðsetning innst í rólegri götu. Mjög stutt frá bæði skóla, tórnundum og KR svæðinu. **Eign fyrir vandláta. Verð 105,0 millj.**



## AKURHVARF 10

### Akurhvarf 10 - Kópavogi.

**OPÍÐ HÚS Í DAG, MÁNUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00**

Glæsilegt 208,7 fm. raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er allt innréttað í ljósum litum. Eikarparket er á gólum, hvítar innréttingar í eldhúsi, hvítar innihurðir og hvítir fataskápar. Innfelld lýsing er í loftum efri hæðar hússins og gólfhiti er í öllu húsinu. Stórar stofur. Þrjú herbergi. Sjónvarpshol. Svalir til suðausturs. Afgirt viðverönd til suðurs og vesturs. **Verð 58,5 millj.**



Sverrir Kristinnson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali  
Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali  
Porleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali  
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali  
Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali  
Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali  
Magnús Geir Pálsson, sölumaður  
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali  
Gunnar Helgi Einarsson, lögg. fasteignasali  
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali  
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri  
Elin Porleifsdóttir, ritari  
Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari  
Guðrún Maguea Árnadóttir, ritari

## HÖRPUGATA 8 - EINBÝLI OG VINNUSTOFA.



**OPÍÐ HÚS**  
mánudag

Einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað í litla skerjafirðinum. Húsið er 154,6 fm auk vinnustofu á lóð 60 fm. Húsið stendur á 480 fm eignarlóð. Möguleiki er á að breyta vinnustofu í sér íbúð. Gróin tyrfd lóð.  
**Eignin verður sýnd mánudaginn 28.okt. milli kl. 17:00 og kl. 17:30.**  
V. 54,5 m. 3103

## FELLASMÁRI 1 - PARHÚS Á 2.HÆÐUM



**OPÍÐ HÚS**  
mánudag

Pollock? eftir Stephen Sachs hefur verið sýnt við miklar vinsældir víðs vegar um Bandaríkin og hlaut Elliot Norton-gagnrýnendaverðlaunin árið 2012. Verkið er byggt á sannsögulegum atburðum um konu sem grunar að málverk sem hún keypti á flóamarkaði gæti verið eftir meistarann Jackson Pollock. Hún fær til sín listfræðing til að meta verkið og snýst leikritið um samskipti þeirra tveggja.

Það eru þau Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Pálmi Gestsson sem fara með hlutverkin tvö undir leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar. Ólafía Hrönn segir verkið þess eðlis að ekki megi mikið um það segja til þess að skemma ekki upplifunina fyrir áhorfendum, en fullyrðir að það sé bæði bráðskemmtilegt og spennandi. „Þetta er eiginlega alveg skothelt verk í alla staði,“ segir hún.

Helga I. Stefánsdóttir gerir leikmynd og búninga og um lýsingu sjá Halldór Örn Óskarsson og Magnús Arnar Sigurðarson. Mikael Torfason þýddi. Sýningar eru í Kassarum.



**SVARAR FYRIR SIG** Ólafía Hrönn leikur Maude Gutman, sem býr í hjólhýsi en lætur engan vaða yfir sig og hefur munninn svo sannarlega fyrir neðan nefið.

# Svarthvítur draumur

BÆKUR ★★★★★

**Mánasteinn – Drengurinn sem aldrei var til**

SJÓN

JPV-ÚTGÁFA

Að hefja lestur á nýrri skáldsögu eftir Sjón er dálítið eins og að leggja í siglingu yfir ævintýrahaf. Maður veit að eitthvað óvænt og jafnvel ógnvekjandi bíður manns en treystir því að máttur myndmáls og tungutaks skili manni heilum í höfn eftir einstaka upplifun. Mánasteinn bregst ekki þeim væntingum og strax á fyrstu síðu er lesandinn staddur í aðstæðum sem hafa ekki áður sést í íslenski skáldsögu. Drengurinn Máni Steinn er að sinna „kóna“ eins og hann kallar þá sem kaupa af honum kynlífsþjónustu um leið og drurnar í mótörhjóli músunnar hans gefa tóninn fyrir Kötlugos, spænsku veikina og fullveldi landsins, atburði sem kollvarpa þeim heimi sem hann býr í og gera hann í fyrsta sinn að þátttakanda í samfélaginu.

Sagan spannar fáeinar vikur haustið 1918, frá upphafi Kötlugoss 12. október til fullveldisdagsins 1. desember. Örlagaríki hafa nokkrar vikur tæpast verið í íslenski sögu og með því að horfa á atburðina með augum drengs á jaðri samfélagsins tekst Sjón að setja þessa atburði í algjörlega nýtt samhengi. Þegar ofan á bætist að drengurinn Máni Steinn hefur fram að þessum tíma einkum samsamað sig heimi kvikmyndanna sem hann sér oft í viku í bíóhúsum bæjarins og sér því heiminn dálítið súrrealískum augum verður til magnaður kokkteill örmynda í stíl svarthvítra kvikmynda frá upphafsárum síðustu aldar, kokkteill sem kippir lesandanum inn í áður ókannaða veröld sem hefur sterka skírskotun í nútímann.



**SJÓN** Mánasteinn er magnaður kokkteill. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bygging sögunnar tekur mið af áður nefndum kvikmyndum, stuttar myndir úr lífi drengsins sem raðast saman í mósaíkmynd af lífi og dauða í bæ í helgreipum eldgoss og mannskæðrar pestar. Inn í er fléttað ýmsum staðreyndum um umræðuna á þessum tíma, helstu

uppláttum dagblaðanna, lýsingu á söguþræði kvikmyndanna sem drengurinn heillast af, óráðskennendum draumum og daglegu stumri bæjarbúa. Hver myndin er annarri sterkari og það er ekki lífsins leið að slíta sig frá þessum heimi fyrr en síðasta blaðsíðan hefur verið lesin. Jafnvel þá er lesandinn algjörlega á valdi sögunnar og dögum saman poppa upp í hugann myndir af aðstæðum úr bókinni, textabrot, tilsvör og hnausþykk ógnin sem yfir öllu vofir. Þá er bókin gripin á ný, lesnir stakir kaflar, smjattað á orðum, andað að sér andblænum og andvarpað yfir valdinu sem skáldið hefur á máli, stíl og myndbyggingu. Þetta er ekki bók sem maður les einu sinni og gleymir svo að mestu, Mánasteinn verður lesinn aftur og aftur.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Meistaralega fléttuð saga með ógleymanlegum myndum, mögnuðum stíl og einstakri söguhetju. Lestrarupplifun ársins.

ÍSLENSKA ÓPERAN  
AUÐUR GUNNARSDÓTTIR, SÓPRAN  
ANTONÍA HEVESI, PÍANÓ

**HÁDEGISTÓNLEIKAR  
Í NORÐURLJÓSUM, HÖRPU  
ÞRIÐJUDAGINN 29. OKTÓBER KL.12:15**

**ÁSTIR OG ÖRVÆNTING  
ÓPERU- OG ÓPERETTUARÍUR  
LJÓÐAFLOKKUR EFTIR JOAQUÍN TURINA**

AÐGANGUR ÓKEYPIS

# Sony Center

www.sonycenter.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPU



**50"**

risi á frábæru verði  
**259.990.-**

- ✓ Stórt
- ✓ Gott
- ✓ Frábært verð
- ✓ 5 ára ábyrgð

**GLÆSILEG HÖNNUN Á FRÁBÆRU VERÐI**  
50" 3D LED SJÓNVARP KDL50W656

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Netfengjanlegt og innbyggt WiFi

Verð 259.990.-

Sony Center  
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700

Sony Center  
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN\***

\*3,5% lántökgjald og 330 kr. færslugjald á hvern gjalddaga



**HJARTASPAÐAR** Sýningin var tilnefnd til tvennra Grímuverðlauna í ár.

## Hjartaspaðar aftur á svið

Skýjasmiðjan og Gaflaraleikhúsið setja leiksýninguna Hjartaspaða aftur á svið í nóvember. Sýningin hlaut lofsamlega dóma og var tilnefnd til tvennra Grímuverðlauna í ár. Aðeins verða sex sýningar á verkinu að þessu sinni.

Í þessu verki eru farnar nýjar slóðir í leiklist á Íslandi en þetta er fyrsta verkið sem leikið er með heilgrímum án orða í sýningu í fullri lengd. Verkið fjallar um stóruandleg uppátæki eldri borgaranna á dvalarheimilinu Grafarbakka sem sanna svo rækilega að lífið er ekki búið eftir átrætt. Leikstjóri sýningarinnar er Ágústa Skúladóttir.



**ÞJÓÐMINJASAFN** Fyrirlestur Þorsteins fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.

## Þorsteinn í Þjóðminjasafni

Þorsteinn Gunnarsson fjallar um ritröðina Kirkjur Íslands í hádegisfyrirlestri í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands á morgun klukkan 12. Erindið er helgað ritröðinni Kirkjur Íslands sem fjallar um allar friðaðar kirkjur landsins, 214 talsins, gripi þeirra og minningarmörk.


Að útgáfunni standa Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands og Biskupsstofa, en Hið íslenska bókmenntafélag annast dreifingu. Út eru komin 22 bindi og von er á 23. bindi snemma á næsta ári en áætlað er að bindin verði alls 28 og útgáfunni ljúki 2016.

Þorsteinn mun segja frá aðdragandanum og undirbúningsvinnunni og gera grein fyrir efnistöfum og útgáfunni í heild. Þá mun spurningunni um hvort útgáfa af þessu tagi sé gagnleg verða gerð skil og nokkur dæmi nefnd um ávinning sem orðið hefur að verkinu.

Fyrirlesturinn er öllum opin.

## Ljóðsögublús í Iðuhúsinu

Grimmhildur, nemendafélag H-nemenda á Hugvísindasviði við Háskóla Íslands, stendur fyrir Ljóðsögublús klukkan 20 á fimmtudaginn, 31. okt., á Café Mezzo í Iðuhúsinu. Þar munu lesa upp úr verkum sínum Sigurbjörg Prastardóttir, Ragnhildur Jóhannsdóttir og átta



ung skáld sem eiga það sameiginlegt að stunda nám við HÍ og Halldór Bragason mun flytja erindi um uppruna blúsins í texta og tónum.

**BLÚSÚÐ LJÓÐ** Meðal þeirra sem fram koma á Ljóðsögublúsnum er Sigurbjörg Prastardóttir.

# Sísýfos hreiðrar um sig í Vatnsmýrinni

Kristjana Helgadóttir flautuleikari lýkur tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmýrinni í Norræna húsinu annað kvöld. Þar flytur hún ný einleiksverk fyrir flautu, sum hver sérstaklega skrifuð fyrir hana.

Fjórðu og síðustu tónleikarnir í ár í tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmýrinni verða í Norræna húsinu annað kvöld klukkan 20. Á tónleikunum leikur Kristjana Helgadóttir flautuleikari verk samtímatónskálda fyrir þverflautu, altflautu og bassaflautu.

Verkin á efnisskránni eru öll, fyrir utan Cassandra's Dream Song eftir Brian Ferneyhough, ný einleiksverk fyrir flautu. Tvö þeirra, She'elot eftir Yoav Pasovsky og Desiring-Machines: partial-object 0.0417 eftir Einar Torfa Einarsson

eru skrifuð sérstaklega fyrir Kristjönu. Titill tónleikanna, Sísýfos, er eftir einu verkanna sem flutt verða, Sisyphus Redux eftir áður nefndan Brian Ferneyhough, en tónskáldið er þekkt fyrir að semja nánast óspilandi verk sem ýta flytjanda út á ystu nöf þess mögulega. Á tónleikunum gefst tækifæri til að heyrna tvö af einleiksverkum Ferneyhoughs fyrir flautu, það elsta og yngsta, Cassandra's Dream Song fyrir flautu frá 1970 og Sisyphus Redux fyrir altflautu frá 2010.



**FLAUTULEIKARINN** Kristjana Helgadóttir kallar tónleika sína Sísýfos eftir einu verkanna sem hún flytur.

# Númer 1 í Þýskalandi



Liqui Moly hefur verið valið í fjórum sjálfstæðum könnunum í Þýskalandi, besta vörumerkið í olíuvörum fyrir bíla.

Nútíma vélar þurfa bestu smur- og hreinsiefnin til þess hámarka nýtinguna á eldsneytinu og lágmarka mengandi útblástur samkvæmt ríkjandi mengunarstöðlum.

Liqui Moly sérhæfir sig í efnavörum fyrir bíla og framleiðir öll smurefni samkvæmt stöðlum bílaframleiðenda.

Notaðu Liqui Moly efnavörur og þú hámarkar virkni vélarinnar en lágmarkar eyðsluna.

Er ekki kominn tími til að nota Liqui Moly á bílinn þinn?



Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

**SMÁRABÍÓ** **HÁSKÓLABÍÓ**

**SMÁRABÍÓ**

CAPTAIN PHILLIPS	KL. 5 - 8 - 10.45
CAPTAIN PHILLIPS LÚXUS	KL. 5 - 8 - 10.45
INSIDIUS CHAPTER 2	KL. 8 - 10.20
KONAN Í BÚRINU	KL. 8 - 10.15
BATTLE OF THE YEAR	KL. 5.40
MÁLMSHAUS	KL. 5.45 - 8 - 10.15
TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL	KL. 3.30 - 5.40
TÚRBÓ 3D ÍSL.TAL	KL. 3.30
AULINN ÉG 2 2D	KL. 3.30

Miðasala á: [midi.is](http://midi.is) og [eMiði](http://eMiði)

**HÁSKÓLABÍÓ**

CAPTAIN PHILLIPS	KL. 8 - 10.15
FRANCES HA	KL. 6
KONAN Í BÚRINU	KL. 5.45 - 10
GRAVITY 3D	KL. 8 - 10.50
MÁLMSHAUS	KL. 5.45 - 8 - 10.15
HROSS Í OSS	KL. 6 - 8

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐLIS

CAPTAIN PHILLIPS	KL. 8 - 10.30
INSIDIUS CHAPTER 2	KL. 8 - 10
KONAN Í BÚRINU	KL. 6
MÁLMSHAUS	KL. 6

# Morðæði

**BAKPANKAR**  
Hauks Viðars  
Alfreðssonar

Ég klifra upp stiga á hárra byggingu. Ég dreg fram haglabyssu og miða á gangstéttina fyrir neðan. Plaff! Fyrsta manneskja sem gengur framhjá dettur niður dauð. Svo reyni ég að ná svona fjórum eða fimm til viðbótar. Restina af skotfærunum geymi ég fyrir lögregluna. Mínútu síðar er ég umkringdur. Ég nær að drepa nokkrar löggur áður en ég dey sjálfur í kúlnaregni. Einverra hluta vegna lifna ég aftur við. Eftir stutta dvöl á sjúkrahúsi er mér hleypt út í samfélagið á ný. Ég bið ekki þaðanna heldur ræðst á saklausu eldri konu fyrir utan sjúkrahúsið. Stappa á hausnum á henni og hleyp svo út á götu þar sem ég stel bíl. Ég reyni að keyra eins marga niður og ég get áður en lögreglan handtekur mig.

**ÉG** veit ekki af hverju ég geri það sem ég geri. Verkefni í GTA V eru í sjálfu sér ekki erfíð, en mér finnst mun skemmtilegra að hlaupa í morðæði um tölvuleikinn en að leysa þau. Alveg eins og mér fannst

mun skemmtilegra að tækla markmann litla bróður míns í FIFA 2000 en að spila við hann fótbolta. Jafnvel þó það endaði iðulega með því að bróðir minn slökkti öskrandi og emjandi á tölvunni.

**ÉG** útiloka auðvitað ekki að ég eigi eitt-hvað bág, en hvernig stendur þá á því að þessi ofbeldishneigð mín hefur aldrei látið á sér kræla í raunveruleikanum? Ég hugsa enn til þess með hryllingi þegar ég ákvað að lina þjáningar hálfétins fugls á Höfn í Hornafirði sem hafði orðið ketti að brád. Ef ég yrði manneskja að bana er ég hræddur um að ég myndi aldrei líta glaðan dag framár. En í tölvuleikjum er ég ótemja og hrotti.

**KANNSKI** á þetta sér eðlilega skýringu. Hver einasti dagur er stúfúllur af verkefnum. Vinnu, innkaupum, leiðinlegum símtölum, eldamennsku, uppvaski og ef þú leysir ekki verkefni hefur það afleiðingar í för með sér. Af hverju ætti ég að bæta á verkefni í einhverjum tölvuleik á meðan ég get framið fjöldamorð án afleiðinga? Líklega er skýringin samt sú að ég er með eindæmum lélegur í tölvuleikjum.

# Gamla bíó lagt undir hönnun og tónlist

Árný Björk og Matthildur Sunna standa fyrir fjáröflunarmaraboni í desember.

„Þetta er í annað sinn sem við höldum svona fjáröflunarmarabon en við höldum þetta í fyrra hinn 12.12.12 og það heppnaðist rosalega vel. Í ár ætlum við að halda þetta 12.12.13,“ segir Árný Björk Sigurðardóttir sem skipuleggur hönnunarmarabon í samstarfi við Matthildi Sunnu Þorlákssdóttur og Rauða krossinn.

Hönnunarmarabonið fer fram í Gamla bíói 12. desember og hefst klukkan 12 á hádegi og stendur fram yfir miðnætti.

„Það verður eitthvað um að vera á hverri hæð hússins. Fatamarkaður Rauða krossins verður í kjallaranum, hönnuamarkaður á göngunum og uppboð og tískusýning um kvöldið ásamt house-tónlistarmaraboni í þakíbúðinni með Dj Margeir í fararbroddi,“ útskýrir Árný Björk.

Tilgangur viðburðarins er að afla fjár til jólaúthlutunar Rauða krossins en jafnframt að vera skapandi og skemmtileg samkoma. Meðal hönnuða á markaðnum verða Bolabítur, Blúndugler, Dula og LÍN design.

Árný Björk segir mikla þörf vera á jólaúthlutuninni og eru þær stöllur enn á höttunum eftir

**STYRKJA GOTT MÁLEFNI** Árný Björk og Matthildur Sunna standa fyrir góðgerðarmaraboni til styrktar Rauða krossinum.

→ Um fjórutíu íslenskir hönnuðir munu koma sér fyrir á göngum Gamla bíós.

hönnuðum sem vilja gefa flíkur á uppboðið. „Samkvæmt nýrri skýrslu á vef Rauða krossins eru tíu prósent landsmanna undir lágtekjumörkum og í hættu á að

búa við fátækt og ég fékk hálf-gert sjokk við að lesa þetta.“

Hægt er að hafa samband í gegnum vefpóstinn [sow121212@gmail.com](mailto:sow121212@gmail.com). - mmm

**LAUGARÁS BÍÓ**

Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS BÍÓ** Sýningartímar

CAPTAIN PHILLIPS	6, 9
INSIDIUS CHAPTER 2	10:20
MÁLMSHAUS	5:50
ABOUT TIME	9
AULINN ÉG 2 - ÍSL. TAL	6 2D

**SAMBÍÓIN**

FRÁ ÆM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR JACKASS MYNDIRNAR KEMUR „BAD GRANDPA“

FRÁBÆR GRÍNMYND!  
jackass presents  
**BAD GRANDPA**

FRÁ ÆM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR HEILABROTINN

FRÁ ÆM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR HEILABROTINN

FRÁ ÆM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR RUSH

FRÁ ÆM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR RUSH

**98% ROTTEN TOMATOES**

**GRAVITY**

„BESTA GEIMMYND FYRR OG SÍÐAR“  
- JAMES CAMERON - LEIKSTJÓRI AVATAR/ALIENS/TITANIC

**PRISONERS**

„BESTA SPENNUMYND ÁRSINS“  
- THE HOLLYWOOD REPORTER

**RUSH**

„BESTA SPENNUMYND ÁRSINS“  
- THE HOLLYWOOD REPORTER

**SMÁRABÍÓ** ALFABAKKA

BAD GRANDPA	KL. 5:50 - 8 - 10:10 - 11
GRAVITY 3D	KL. 5:50 - 8 - 10:10
GRAVITY VIP 2D	KL. 5:50 - 8 - 10:10
RUSH	KL. 5:30 - 8 - 10:40
PRISONERS	KL. 6 - 8 - 9
AULINN ÉG 2 2D	KL. 6

**SMÁRABÍÓ** KEFLAVÍK

BAD GRANDPA	KL. 8 - 10:10
GRAVITY 3D	KL. 8
PRISONERS	KL. 10:10

**HÁSKÓLABÍÓ** EGILSHÖLL

BAD GRANDPA	KL. 5:50 - 8 - 10:10
GRAVITY 3D	KL. 5:50 - 8 - 10:10
RUSH	KL. 5:25 - 8
PRISONERS	KL. 6 - 9 - 10:35

**SMÁRABÍÓ** KRINGLUNNI NÚMÉRÚD SÆTI

BAD GRANDPA	KL. 5:50 - 8 - 10:10
DISCONNECT/HEILABROTINN	KL. 5:20 - 8 - 10:40
GRAVITY 2D	KL. 5:50 - 8
PRISONERS	KL. 10:10

**SMÁRABÍÓ** AKUREYRI

BAD GRANDPA	KL. 5:50 - 8
DISCONNECT/HEILABROTINN	KL. 8
GRAVITY 3D	KL. 10:10
RUSH	KL. 10:40
PRISONERS	KL. 5

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á [Sambio.is](http://Sambio.is)

**LYFJA** - Lifid heil

Nýtt og nærandi rakagefandi krem með 70% fituinnihaldi

**Decubal Lipid Cream**

fyrir þurra og erfíða húð

[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

**Fyrir þig í Lyfju**

**BÍÓ PARADÍS** EUROPA CINEMAS

**PARADÍS: TRÚ**

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á [WWW.BIOPARADIS.IS](http://WWW.BIOPARADIS.IS) - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



## Katie Price vill fleiri börn

Enska glamúrfyrirsætan Katie Price tjáði sig í viðtali á dögunum um að hún ætlaði að stækka fjölskyldu sína og vildi eignast fjögur börn í viðbót.

Fyrir á Price fjögur börn, Harvey, sem er ellefu ára, með fótboltakappanum Dwight Yorke. Með Peter Andre á hún tvö börn, Junior sem er átta ára og Princess sex ára. Yngsta barnið hennar, Jett Riviera Hayler fæddist svo í ágúst síðastliðnum.

Price giftist stripparanum Kieran Hayler í janúar síðastliðnum og á yngsta barnið með honum.



**VILL FLEIRI BÖRN** Fyrirsætan Katie Price vill stækka fjölskylduna enn meira. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fannst orðið kærasti aldrei passa

Kate Bosworth hefur kallað Michael Polish eiginmann sinn frá því þau kynntust.

Leikkonan Kate Bosworth er hamingjusamlega gift leikstjóranum Michael Polish. Hjónakornin hafa verið gift í tvo mánuði en Bosworth finnst sem þau hafi verið gift mun lengur.

„Hann hefur kallað mig eiginkonu sína frá deginum sem við kynntumst, þannig að þetta var ekki mikil breyting. Mér fannst orðið kærasti aldrei passa honum, mér þótti alltaf skrítið að kalla hann kærasta og þótti eðlilegra að kalla hann eiginmann minn,“ sagði leikkonan í viðtali við Lucky Magazine.

Párið gifti sig á búgarði nærri Philipsburg í Montana 31. ágúst. Bosworth og Polish kynntust við tókur á kvikmyndinni Big Sur, en þá var leikkonan nýhætt með sænska leikaranum Alexander Skarsgård. Áður var hún með leikaranum Orlando Bloom, en sá skildi við eiginkonu sína til þriggja ára, Miröndu Kerr, í síðustu viku.



**ÁSTFANGIN** Leikkonunni Kate Bosworth fannst orðið kærasti aldrei passa núverandi eiginmanni sínum. NORDICPHOTOS/GETTY



**BEN AFFLECK** Var efins um að rétt væri að taka að sér hlutverk Batmans.

## Batman vafðist fyrir Affleck

Ben Affleck var efins um að rétt væri að taka að sér hlutverk Batmans í ofurhetjumyndinni Superman vs. Batman sem er í undirbúningi. Það var leikstjórinn Zack Snyder sem sannfærði hann um að vera með.

„Ég var efins vegna þess að mér fannst ég ekki passa inn í hið hefðbundna form. En þegar Zack kynnti verkefnið fyrir mér og sagði að það yrði öðruvísi en hinar frábæru myndir sem Chris [Nolan] og Christian [Bale] bjuggu til en héldi samt í hefðina varð ég spennur,“ sagði Affleck við 411 Mania.

„Að gera eitthvað nýtt og öðruvísi er alltaf snúið og hluti af spennunni og byggir líka upp væntingar. Leikarar treysta á að myndirnar þeirra séu vel gerðar og ég hef trú á Zack.“



**ARNAR EGGERT THORODDSEN** Tónlistarsérfræðingurinn hefur endurútfærð greinasafn sitt.

## Arnar Eggert endurútfærinn

Tónlistarsérfræðingurinn Arnar Eggert Thoroddsen hefur endurútfærð greinasafn sitt Tónlist... er tónlist: Greinar 1999-2012, sem kom út fyrir jólin í fyrra.

Bókin þótti troðast undir í jólabókaflóðinu og var því ákveðið að endurútfæra hana með nýrri kápu. Annað tilefni er að Airwaves-hátíðin gengur í hönd um næstu helgi og í safninu eru margvíslegar greinar um hátíðina. Einnig er bókin ríkuleg heimild um tónlist af öllu tagi síðasta áratuginn eða svo.

Arnar er búsettur erlendis þar sem hann leggur stund á doktorsnám í tónlistarfræðum við Edinborgarháskóla. Aðrar bækur hans eru Öll trixín í bókinni ásamt Einari Bárðarsyni og 100 bestu plötur Íslandssögunnar ásamt Jónatan Garðarssyni.

## Öflugri sportjeppinn

Mercedes-Benz GLK er einstaklega öflugur og ríkulega búinn sportjeppi. Hann er búinn hinu háþróaða 4MATIC aldrifskerfi sem tryggir framúrskarandi aksturseguleika og aukinn stöðugleika, jafnt á bundnu sem óbundu slitlagi. 4MATIC er ávallt virkt og bregst strax við breyttum akstursaðstæðum, t.d. mikilli úrkomu, ísingu eða snjó. Dráttargetan er heil 2.400 kg og hann eyðir aðeins 6,1 l/100 km í blönduðum akstri. Hjá Öskju á Krókhálsi 11 bíður þín glæsilegur GLK til sýnis og reynsluaksturs.



Mercedes-Benz GLK 220 CDI með 7 þrepa 7 G-TRONIC PLUS sjálfskiptingu. Verð frá 7.590.000 kr.



Mercedes-Benz

## ENSKI BOLTINN

**CHELSEA - MAN. CITY** 2-1  
1-0 Andre Schürrle (33.), 1-1 Sergio Aguero (49.),  
2-1 Fernando Torres (90.).

**TOTTENHAM - HULL CITY** 1-0  
1-0 Roberto Soldado, víti (80.).

**SWANSEA - WEST HAM** 0-0

**SUNDERLAND - NEWCASTLE** 2-1  
1-0 Steven Fletcher (5.), 1-1 Mathieu Debuchy  
(56.), 2-1 Fabio Borini (83.).

**CRYSTAL PALACE - ARSENAL** 0-2  
0-1 Mikel Arteta, víti (47.), 0-2 Olivier Giroud  
(87.).

**ASTON VILLA - EVERTON** 0-2  
0-1 Romelu Lukaku (68.), 0-2 Leon Osman (81.).

**LIVERPOOL - WBA** 4-1  
1-0 Luis Suarez (12.), 2-0 Luis Suarez (17.), 3-0  
Luis Suarez (55.), 3-1 James Morrison, víti (66.),  
4-1 Daniel Sturridge (77.).

**MAN. UTD - STOKE CITY** 3-2  
0-1 Peter Crouch (4.), 1-1 Robin van Persie (43.),  
1-2 Marko Arnautovic (45.), 2-2 Wayne Rooney  
(78.), 3-2 Javier Hernandez (80.).

**SOUTHAMPTON - FULHAM** 2-0  
1-0 Rickie Lambert (20.), 2-0 Jay Rodriguez (42.).

**NORWICH - CARDIFF** 0-0

## STADAN:

Arsenal	9	7	1	1	20:9	22
Chelsea	9	6	2	1	16:6	20
Liverpool	9	6	2	1	17:8	20
Tottenham	9	6	1	2	9:5	19
Southampton	9	5	3	1	10:3	18
Everton	9	5	3	1	14:10	18
Man. City	9	5	1	3	21:11	16
Man. Utd	9	4	2	3	14:12	14
Swansea	9	3	2	4	12:11	11
Hull City	9	3	2	4	7:10	11
Newcastle	9	3	2	4	12:16	11
WBA	9	2	4	3	8:10	10
Fulham	9	3	1	5	9:12	10
Aston Villa	9	3	1	5	9:12	10
West Ham	9	2	3	4	8:8	9
Cardiff City	9	2	3	4	8:13	9
Stoke City	9	2	2	5	6:10	8
Norwich	9	2	2	5	6:13	8
Sunderland	9	1	1	7	7:21	4
Crystal Palace	9	1	0	8	6:19	3

## Torres í toppformi

Fernando Torres var hetja Chelsea er liðið vann stórslaginn gegn Man. City. Torres lagði upp fyrra mark liðsins og skoraði sigurmarkið sem var skrautlegt.

**FÓTBOLTI** Fernando Torres, framherji Chelsea, hefur margoft verið afskrifaður en hann sýndi í gær að hann er ekki alveg búinn að vera.

Eftir að hafa klúðrað algjöru dauðafæri tók hann við sér og lagði upp frábært mark í 2-1 sigri á Man. City.

Sigurmarkið sem hann skoraði var skrautlegt. Misskilningur hjá varnarmanni og markverði City varð þess valdandi að Torres slapp einn í gegn og skoraði sigurmarkið nokkrum sekúndum áður en venjulegur leiktími rann út.

„Í svona stórum leik er rosalega sætt að skora sigurmarkið,“ sagði Torres kátur eftir leik.

„Við stýrðum leiknum og sköpuðum okkur fjölda færa. Við áttum skilið að vinna þennan leik og það er gott að vinna lið sem mun berjast við okkur um titilinn.“

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, bauð upp á enn eitt eftirminnilegt fagn. Að þessu sinni hljóp hann upp í stúku til þess að fagna sigurmarkinu.

„Lukkan var með okkur en hún er nauðsynleg til þess að vinna svona leiki. Fernando trúði allan tímann og elti boltann. Það var mjög mikilvægt að vinna þennan leik enda vorum við jafnvel að mæta besta liði deildarinnar,“ sagði Mourinho en hann hrósaði Torres í hástert.

„Eftir klúðrið fór hann í gang. Þá sáum við hvað Fernando getur í raun og veru. Hann vann ótrúlega



**HETJAN** Torres fagnaði sigurmarki sínu í leiknum eðlilega af miklum krafti. Hver veit nema hann sé kominn í gang. NORDICPHOTOS/GETTY

vel fyrir liðið og sigurmarkið var mark leikmanns sem hefur trúna.“

**Moyes var létt**

Enn eina ferðina voru lærisveinar Davids Moyes hjá Man. Utd ekki sannfærandi. Þeir rifu sig þó upp um miðbik seinni hálfleiks og

trygguðu sér 3-2 sigur á Stoke.

„Stuðningsmennirnir komu okkur í gang og eiga stóran þátt í þessum sigri. Við gerðum margt vel en enn meira illa sem varð þess valdandi að við lentum í vondri stöðu,“ sagði Moyes en honum var augljóslega létt. henry@frettabladid.is



**PRENNA** Suarez er í miklu stuði þessa dagana. NORDICPHOTOS/GETTY

## Suarez er óstöðvandi

**FÓTBOLTI** Luis Suarez skoraði sína fyrstu þrennu á Anfield um helgina en Úrúgvæinn hefur hreinlega verið óstöðvandi síðan hann kom úr tíu leikja banninu.

Liverpool valtaði yfir WBA, 4-1, og er í öðru sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

„Þetta var erfitt sumar fyrir hann en við unnum úr málunum og þessi frammistaða kemur mér ekki á óvart,“ sagði Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, en Suarez reyndi að komast frá félaginu í sumar.

„Eg vissi að um leið og hann sætti sig við að vera áfram færri hann í gang. Hann hefur æft frábærlega og verið til fyrirmyndar. Þessi frammistaða var ótrúleg. Þetta voru töfrar.“

Liverpool er tveim stigum á eftir toppliði Arsenal en þessi lið mætast um næstu helgi.

Arsenal vann flottan 2-0 sigur á Crystal Palace þrátt fyrir að hafa misst Mikel Arteta af velli með umdeilt rautt spjald. Palace hefði getað jafnað í kjölfarið en nýtti ekki færin. - hbg

Þú hlustar á okkur, við hlustum á þig

# Reykjavík síðdegis

Porgeir, Kristófer og Bragi

Virka daga kl. 16 – 18.30



**BYLGJAN**  
.....989

# Sögulegur árangur hjá Vettel

Sebastian Vettel er aðeins fjórði maðurinn sem vinnur fjóra heimsmeistaratitla.

**FORMÚLA 1** Þjóðverjinn Sebastian Vettel skráði sig í sögubækurnar í gær er hann varð heimsmeistari í Formúlu 1-kappakstrinum fjórða árið í röð.

Hann þurfti aðeins að vera í einu af fimm efstu sætum Indlands-kappakstursins til þess að tryggja sér heimsmeistaratitilinn. Vettel sætti sig ekki við neitt annað en fyrsta sæti og rúllaði keppninni upp. Sjötta mótið í röð sem hann vinnur. Ótrúlegir yfirburðir.

„Ég er orðlaus og hreinlega veit ekki hvað ég á að segja,“ sagði

Vettel eftir kappaksturinn en hann fagnaði að vonum hreint gríðarlega.

„Ég var tómur er ég kom í mark. Á svona stundum vill maður geta sagt eitthvað gáfulegt en ég á ekkert. Þetta tímabil hefur verið ótrúlegt. Andinn í liðinu eru magnaður og það er hrein unun að stíga upp í þennan bíl og keyra af stað. Er ég byrjaði að horfa almennilega á F1 voru Alonso, Webber og Button að keppa. Þá dreymdi mig um að keppa gegn þeim. Ég leyfði mér aldrei að dreyma um þetta.“

Nico Rosberg varð annar í keppninni í gær og Romain Grosjean þriðji. Felipe Massa tók fjórða sætið og Sergio Perez fimmta.

Alonso er enn í öðru sæti í stigakeppninni og Kimi Raikkonen er þriðji þar. Lewis Hamilton og Mark Webber eru í fjórða og fimmta sæti.

Vettel er aðeins fjórði maðurinn í sögunni sem vinnur fjóra heimsmeistaratitla. Hinir eru Juan Manuel Fangio, Alain Prost og Michael Schumacher. Ekki ama- legur félagsskapur.

- hbg



**VERÐSKULDAD** Vettel fagnar hér sigrinum í gær. Yfirburðir hans á þessu tímabili hafa verið með ólíkindum. NORDICPHOTOS/AFP



**SVEKKT** Rut tók lokaskotið í leiknum en það var varið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Grátlegt tap

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið mátti sætta sig við svekkjandi tap, 19-18, gegn Slóvakíu í gær.

Þarna mættust liðin sem búist er við að muni berjast um annað sæti riðilsins en það gefur sæti í lokakeppni EM.

Ísland átti í fullu tré við Slóvakíu í gær þrátt fyrir dapra dóm-gæslu og annað mótlæti. Leikurinn var æsispennandi frá upphafi til enda.

Ísland gat jafnað úr lokasókn leiksins en ágætt skot Rutar Jónsdóttur var vel varið. Tveggja marka sigur Íslands á heimavelli mun þó duga til þess að komast upp fyrir Slóvakíu síðar.

- hbg

## UNDANKEPPNI EM

**SLÓVAKÍA - ÍSLAND 19-18**  
Ísland Mörk (skot): Karen Knútsdóttir 7/4 (17/4), Rut Jónsdóttir 3 (6), Pórey Rósa Stefánsdóttir 2 (3), Ramune Pekarskyte 2 (4), Arna Sif Pálsdóttir 1 (1), Birna Berg Haraldsdóttir 1 (2), Hildigunnur Einarsdóttir 1 (2), Unnur Ómarsdóttir 1 (2), Stella Sigurðardóttir (7).

Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 12/1 (27/4, 44%), Íris Björk Símonardóttir 4 (8/2, 50%).

Hraðaupphlaup: 1 (Pórey Rósa Stefánsdóttir 1.)

Fiskud víti: 4 (Karen Knútsdóttir 1, Hildigunnur Einarsdóttir 3.)

Utan vallar: 10 mínútur.



**VÍTI?** Ronaldo vildi fá víti sem ekki var dæmt. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hættið að grenja

**FÓTBOLTI** Barcelona vann 2-1 sigur á Real Madrid í uppgjöri risaliðanna á Spáni um helgina.

Sanngjarn sigur Börsunga sem voru mun sterkari aðilinn. Neymar og Alexis Sanchez áttu mörk þeirra en Jese minnkaði muninn fyrir Real í uppbótartíma.

Leikmenn og þjálfari Madrid kvörtuðu mikið yfir því eftir leik að ekki hefði verið dæmt víti er brotið var á Ronaldo í síðari hálfleik.

„Er Madrid að grenja út af dómáranum? Þeir reyna alltaf að finna afsakanir. Þeir geta ekki afsakað sig núna en þetta er samt alltaf sama sagan hjá þeim,“ sagði Sergio Busquets, miðju- maður Barcelona.

- hbg

**VIÐ ERUM FLUTT!**

Valitor hefur flutt höfuðstöðvar sínar í nýtt húsnæði við **Dalshraun 3** í Hafnarfirði.

Starfsfólk Valitor

Álftanes Reykjavík  
Fjarðarkaup  
Hafnarfj. Dalshraun

**VALITOR**

Valitor // Dalshraun 3, 220 Hafnarfjörður // 525 2255 // radgjof@valitor.is // www.valitor.is

HVÍTA HÚSÍÐ/SÍA 13-2705

## Stöð 2 kl. 19.20 Stóru málin

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fjallað verður á beinskeittan hátt um stóru málin í pólitíkinni á borð við skuldastöðu heimilanna, atvinnumál, skattamál og fleiri mikilvæg málefni. Lóa Pind Aldísardóttir rýnir í þjóðmálin og fer yfir þau á mannamáli.



## Í KVÖLD



### Í eldhúsinu hennar Evu

**STÖÐ 3 KL. 20.45** Glæsilegir matreiðsluþættir þar sem matgæðingurinn Eva Laufey Kjaran Hermansdóttir deilir með áhorfendum uppskriftum og aðferðum við að galdra fram dýrindis mat í eldhúsinu.



### CSI: New York

**SKJÁR EINN KL. 22.00** Rannsóknardeildin frá New York snýr aftur í hörkuspennandi þáttaröð þar sem hinn alvitri Mac Taylor ræður för. Sterar eru meðal efnis í þessum þætti þar sem fórnarlambið átti í ýmsum tengslum við þá.



### Kastljós

**SJÓNVARPIÐ KL. 19.35** Í þættinum eru tekin fyrir málefni líðandi stundar, fjallað um menningu, listir og dægurmál hvers konar. Helstu fréttir samfélagsins á hverjum tíma eru þó iðulega í forgrunni í formi fréttaskýringa og beinskeitra viðtala.

## Rás 2 KL. 12.45 Poppland

Meðal fastra dagskrárliða eru Tónlistarfréttir, Plötur vikunnar, Nýjasta tækni og vísindi, Einu sinni var, Nýjustu fréttir af Elvis og tunglinu, Bíóum-fjöllun á þriðjudögum o.fl. Umsjónarmenn eru Ólafur Páll Gunnarsson og Matthías Már Magnússon.



TV.COM 8,7 IMDB 6,8

# Domino's-deildin

Í kvöld kl. 19:00

## Njarðvík – Keflavík



## SUÐURNESJASLAGUR AF BESTU GERÐ!

Spennan er mikil suður með sjó, því í kvöld mætast tvö stórveldi í körfuboltanum þegar Njarðvík fær Keflavík í heimsókn. Liðin ætla sér að sjálfsögðu að vera með í toppbaráttunni í vetur enda báðum spáð einu af efstu þremur sætum. Ekki missa af körfubolta í hæsta gæðaflokki á Stöð 2 Sport í kvöld!

Fáðu þér áskrift  
512 5100  
stod2.is



## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Malcolm in the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Gossip Girl
- 11.00 I Hate My Teenage Daughter
- 11.20 New Girl
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Perfect Couples
- 13.25 So you think You Can Dance
- 14.50 ET Weekend
- 16.00 Villingarnir
- 16.25 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stóru málin
- 19.45 The Big Bang Theory (18:24)
- 20.05 Um land allt Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heim-sækir áhugavert fólk.
- 20.30 Nashville (18:21)
- 21.10 Hostages (5:15)
- 21.55 The Americans (6:13) 22.45 The Untold History of The United States (10:10) Stórbrotin heimildarþáttaröð frá Oliver Stone þar sem varpað er nýju ljósi á stórvörðunni í sögu Bandaríkjunum.
- 23.45 The Crew
- 01.45 Modern Family
- 02.05 Anger Management
- 02.30 How I Met Your Mother
- 02.55 Bones
- 03.40 Episodes
- 04.10 The Tenants
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT besta sætið

- 16.15 Meistaradeild Evrópu - fréttarþáttur
- 16.45 Barcelona - Real Madrid
- 18.30 Keflavík Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfuknattleik.
- 19.00 Njarðvík - Keflavík (B)
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.30 Þýski handboltinn 2013/2014 Útsending frá leik Göppingen og Kiel
- 22.55 Njarðvík - Keflavík
- 00.25 Evrópueldarmörkin

## SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Chelsea - Man. City
- 15.30 Norwich - Cardiff
- 17.10 Southampton - Fulham
- 18.50 Premier League World
- 19.20 Tottenham - Hull
- 21.00 Messan
- 22.10 Football League Show
- 22.40 Swansea - West Ham
- 00.20 Messan



20.00 Frumkvöðlar 20.30 Evrópumál 21.00 Vafrað um Vesturland 21.30 Áfram Vogur

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær  
FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útvarp Boðun

## STÖÐ 3

- 17.10 School Pride
- 17.55 Hart of Dixie
- 18.40 Neighbours from Hell
- 19.00 Celebrity Apprentice
- 20.25 It's Love, Actually (8:10)
- 20.45 Í eldhúsinu hennar Evu (2:8)
- 21.05 Glee 5 (2:22)
- 21.50 Mindy Project (8:24)
- 22.15 Graceland (8:13)
- 22.55 Pretty Little Liars (7:24)
- 23.35 Nikita (7:23)
- 00.15 Justified
- 00.55 Celebrity Apprentice
- 02.20 It's Love, Actually
- 02.45 Í eldhúsinu hennar Evu
- 03.05 Glee 5
- 03.50 Mindy Project
- 04.10 Graceland
- 04.55 Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

- 07.00 Dóra könnuður 07.23 Svampur Sveinsson
- 07.45 Doddi litli og Eyrnastór 07.59 Áfram Diego, áfram! 08.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 08.45 Latibær 08.59 Strumparnir 09.24 Ævintýri Tinna 09.46 Skoppa og Skríttla 09.59 Lukku láki 10.23 Ofurhundurinn Krypto 10.44 UKI 10.49 Hvellur keppnisbíl 11.00 Dóra könnuður 11.23 Svampur Sveinsson 11.45 Doddi litli og Eyrnastór 11.59 Áfram Diego, áfram! 12.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 12.46 Latibær 13.00 Strumparnir 13.25 Ævintýri Tinna 13.47 Skoppa og Skríttla 14.00 Lukku láki 14.24 Ofurhundurinn Krypto 14.45 UKI 14.50 Hvellur keppnisbíl 15.00 Dóra könnuður 15.23 Svampur Sveinsson 15.46 Doddi litli og Eyrnastór 16.00 Áfram Diego, áfram! 16.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 16.46 Latibær 17.00 Strumparnir 17.25 Ævintýri Tinna 17.47 Skoppa og Skríttla 18.00 Lukku láki 18.24 Ofurhundurinn Krypto 18.45 UKI 18.50 Hvellur keppnisbíl 19.00 Kapteinn Skögultönn 20.15 Sögur fyrir svefninn

## GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (15:16)
- 20.00 Sjálfstætt fólk
- 20.25 Eldsnögg með Jóa Fel (8:10)
- 20.50 Ally McBeal (6:23)
- 21.35 Without a Trace (11:23)
- 22.20 Nikolaj og Julie (6:22)
- 23.05 Anna Phil (6:10)
- 23.50 Sjálfstætt fólk
- 00.20 Eldsnögg með Jóa Fel
- 00.45 Ally McBeal
- 01.30 Without a Trace
- 02.15 Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

- 12.20 Journey 2. The Mysterious Island
- 13.55 I Don't Know How She Does It
- 15.25 Limitless
- 17.10 Journey 2. The Mysterious Island
- 18.45 I Don't Know How She Does It
- 20.15 Limitless
- 22.00 The Messenger
- 23.55 Underground. The Julian Assange Story
- 01.30 Bad Lieutenant - Port of Call - New Orleans
- 03.30 The Messenger

## RÚV

- 16.40 Landinn
- 17.10 Froskur og vinir hans
- 17.17 Töfrahnötturinn
- 17.30 Grettir
- 17.42 Engilbert ræður
- 17.50 Skoltur skipstjóri
- 18.05 Tánmálsfréttir
- 18.15 Fólkið í blokkinni
- 18.45 Íþróttir
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Nautnafíkn - Tóbak (3:4) (Addicted to Pleasure) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Leikarinn Brian Cox rekur sögu sykurs, ópíums, tóbaks og viskís og segir frá því hvernig fólk um allan heim varð fíkið í þessi efni. Í þessum þætti segir hann frá því hvernig reykingar komu fótunum undir breska heimsveldið og urðu að algengri fíkn.
- 21.00 Brúin (6:10) (Broen II) Rannsóknar-arlögreglumaðurinn Martin Rohde í Kaupmannahöfn og starfsystir hans, Saga Norén í Malmö, eru mætt aftur til leiks í æsispennandi sakamálaþáttaröð. Aðalhlutverk leika Sofia Helin og Kim Bodnia. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Viðtalið (Anjímile Mtila-Oponyo)
- 22.45 Saga kvikmyndanna - Hollywood-draumurinn, 1920-1930 (2:15) (The Story of Film. An Odyssey) Heimildamyndaflokkur um sögu kvikmyndanna frá því seint á nítjándu öld til okkar daga.
- 23.50 Kastljós
- 00.15 Fréttir
- 00.25 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr.Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 15.55 Secret Street Crew
- 16.45 Top Gear Best Of
- 17.40 Dr.Phil
- 18.20 Judging Amy
- 19.05 Happy Endings
- 19.30 Cheers (2:26)
- 19.55 Rules of Engagement (11:13) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp. David Spade leikur eitt aðalhlutverkið sem hinn sérlundaði Russel.
- 20.20 Kitchen Nightmares (12:17)
- 21.10 Rookie Blue (12:13)
- 22.00 CSI. New York (8:17)
- 22.50 CSI (6:23)
- 23.35 Law & Order. Special Victims Unit (9:23)
- 00.20 Rookie Blue
- 01.10 Ray Donovan
- 02.00 The Walking Dead
- 02.50 Unforgettable
- 03.40 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 Eurosport 08.10 Golfing World 09.00 CIMB Classic 2013 13.00 CIMB Classic 2013 15.00 CIMB Classic 2013 18.00 Golfing World 18.50 CIMB Classic 2013 22.00 Golfing World 22.50 Champions Tour - Highlights 23.45 Golfing World 00.35 Eurosport

# Nýtt sjónvarpsmerki á frábæru verði

Ávallt velkomin í **ORMSSON-BT!**



## Haier

Inspired living

„Haier – The #1

Global Major Appliances Brand  
For 4th Consecutive Year.“

**Euromonitor International**



HAIER · C800HF



## 39" LED SJÓNVARP Aðeins kr. 99.900,-

- 1920x1080p – Full HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 200Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB, VGA
- USB afspilun á myndböndum, tónlist og ljósmyndum

## 50" LED SJÓNVARP Aðeins kr. 169.900,-



HAIER · G610CF



## 32" LED SJÓNVARP Aðeins kr. 79.900,-

- 1920x1080–FULL HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 100Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB

„Haier –  
China's First Global Brand.“  
**Forbes**



HAIER · LET42A700P



## 42" LED SJÓNVARP Aðeins kr. 139.900,-

Rétt verð: 159.900,-

- 3D
- 1920x1080–FULL HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 100Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB

Ótrúlega flott tæki. Eitt með öllu.  
Komdu og sjáðu – Sjón er sögu ríkari!

# ORMSSON



**OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 18:00**

- virka daga frá 10:00-18:00
- á laugardögum frá 11:00-18:00
- á sunnudögum frá 13:00-18:00

SKEIFUNNI 11 • SÍMAR: 530.2800 / 550.4444 • [ormsson.is](http://ormsson.is) & [bt.is](http://bt.is)

## MÁNUDAGSLAGIÐ



„Uppáhaldsmánudagslagið mitt er Miles Beyond með Mahavishnu Orchestra. Þetta lag setur mjúkan en drífandi undirtón fyrir vikuna.“

Unnur Birna Bassadóttir tónlistarkona

# Bakraddasöngkonurnar fara frammar á sviðið

Fjórar söngkonur stofna hljómsveit en þær hafa allar komið víða víð í tónlistarbransanum.

„Við elskum bakraddahlutverkið en nú förum við aðeins frammar á sviðið,“ segir Alma Rut Kristjánsdóttir söngkona, sem stofnaði hljómsveitina Ásynjur, ásamt söngsysturum sínum, þeim Írisi Hólm, Ingunni Hlín Friðriksdóttur og Ínu Valgerði Pétursdóttur.

Þær eru allar velkunnar tónlistarbransanum en hafa að mestu sungið bakraddir á hinum ýmsu viðburðum og nú síðast á heiðurstónleikum Freddie Mercury. „Það stóð lengi til

að stofna hljómsveitina áður en við létum svo loks verða af því.“

Hljómsveitin var stofnuð núna í sumar en þær hafa þekkt mjög lengi. „Við komum fram á okkar fyrstu tónleikum á Fiskideginum mikla á Dalvík í sumar og í kjölfarið hefur eftirspurnin aukist mikið,“ segir Alma um upphafið.

„Við erum allar mjög góðar vinur, þó svo það sé alveg tíu ára aldursmunur á elsta og yngsta meðlimnum. Við sungum fyrst fjórar

saman þegar við sungum bakraddir með Jóhönnu Guðrúnu í undankeppni Eurovision árið 2011. Við æfum okkur mikið saman enda elskum við að syngja saman.“

„Við erum að undirbúa tónleika sem verða á Rosenberg 14. nóvember næstkomandi en við erum með frábæra tónlistarmenn með okkur. Lagavalið er mjög fjölbreytt hjá okkur, allt frá Beyoncé til Scorpions,“ segir Alma að lokum aðspurð um framhaldið.



**FJÓRAR DÍVUR** Hljómsveitina Ásynjur skipa þær Alma Rut Kristjánsdóttir, Ina Valgerður Pétursdóttir, Ingunn Hlín Friðriksdóttir og Íris Hólm. MYND/SOLLA MATT

## TILBOÐ VIKUNNAR

**ÞORSKBITAR** 1.390 kr/kg  
Roðlausir og beinlausir

**HUMAR** 2.600 kr/kg  
Stærð 30/40

**Fiskikóngurinn** Sogavegi 3  
fiskikongurinn.is  
s. 587 7755

# Vill flytja tólf metra kafbát til Íslands

Atvinnukafarinn Ásgeir Einarsson vill stofna ferðapjónustu í kringum kafbát.

„Við erum með svo hreinan sjó, þetta er bara eins og að sitja í rútu neðansjár,“ segir Ásgeir Einarsson frá Akranesi, sem hefur verið atvinnukafari í fjórutíu ár.

Hann er að leita að tólf metra kafbáti í Bandaríkjunum sem hann hyggst nota í ferðapjónustu strax næsta sumar. Ætlunin er að fara með hópa í neðansjárferðir en Ásgeir hefur gengið með þessa hugmynd í maganum frá því hann var lítill krakki og hefur skoðað kafbáta sér til gamans bæði í Reykjavík og Bretlandi.

„Þetta umhverfi er mun fallegra en hálendið, miklu fallegra. Ég held að Breiðafjörðurinn verði ein mesta ferðamannaparadís í Evrópu í framtíðinni. Eyjarnar þar standa á súlum þar sem sjórin hefur étið upp bergið. Þar undir er svo allt krökkt af rækju og síld. Þetta er eiginlega ólýsanlegt,“ segir hann og bætir við: „79 prósent af heiminum eru undir vatni. Þarna er óspillt land og þarna eru menn ekkert að rifast um hraun og veg eða eitthvað annað. Við eigum hreinasta sjó í heimi og höfum mikið að sýna.“

Ásgeir segir tugi skipa liggja á hafsbotni víða í kringum landið. Nefnir hann frystitogara sem hann á sjálfur sem sökk fyrir vestan fyrir þrjátíu árum. „Svo er Þrymur í Tálknafirði og rækjubátar í Arnarfirðinum. Á Mýrunum á Snæfellsnesi eru líka tugir skipa sem liggja þar í sjónum, svo eitthvað sé nefnt.“ Ásgeir, sem er 61



**VIÐ HÖFNINA** Ásgeir Einarsson dreymir um að reka ferðapjónustu í kringum kafbát sem hann ætlar að kaupa í Bandaríkjunum.

## Vill deila reynslu sinni með öðrum

Ásgeir Einarsson segist vilja deila áratuga reynslu sinni neðansjár með öðru fólki áður en hann fer í gröfina. „Aðrir skrifa bók og segja frá því sem þeir hafa séð og upplifað. Þetta er eitthvað sem ég er búinn að skoða og það kítlar mig alveg svakalega að geta sýnt öðru fólki undir sjávarborðið.“

árs, ætlar að markaðssetja ferðirnar sem háklassa ferðapjónustu og nefnir að þyrflugmenn séu að fljúga nánast allan sólarhringinn. „Því held ég að fólk hafi alveg áhuga á að komast í svona ferðir.“ Spurður hvað kosti að fá svona kafbát til Íslands segir hann þetta vera „milljónaspursmål“. „Það er verið að vinna í þessu á fullu. Það eru margir fjársterkir

aðilar að spá og spekulera með mér í þessu.“

Hann býst við að í kringum tíu manns kæmust í hverja ferð í kafbátum, það er ef leyfi myndi fást fyrir þessari nýstárlegu ferðapjónustu. Hver og einn þyrfti að punga út tugum þúsunda króna, rétt eins og þeir sem fara í þyrflug.

freyr@frettabladid.is

# Hanna barnabókarkápu úr ull

Ullarkápa prýðir hundrað eintök barnabókar. Vík Prjónsdóttir hannaði kápuna.

„Lani hafði samband við okkur og okkur þótti þetta sérlega spennandi verkefni. Við höfðum aldrei gert neitt þessu líkt áður,“ segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, einn af hönnuðum Víkur Prjónsdóttur. Fyrirtækið hannaði sérstaka ullarkápu með vettlingum utan um barnabókina Stínu stórusæng eftir Lani Yamamoto.

Sagan segir frá Stínu sem er alltaf kalt og verður að beita allri sinni hugvitssemi til að halda kuldanum úti. Bókarkápan er úr íslenskri ull og, líkt og sögupersónan Stína, þyrftu hönnuðir Víkur Prjónsdóttur að beita mikilli hugvitssemi til að hanna ullarvettlinga sem hægt væri að fletta blaðsíðunum í.

„Það tók svolítinn tíma að finna út úr því. Við gerðum þó nokkrar prufur og teiknuðum upp skissur í samstarfi við saumakonuna okkar,“ segir Guðfinna og bætir við: „Það er svo hægt að klæða bókina í og úr ullarkápunni eftir hentisemi og nota hana á aðrar bækur, ef hún passar.“

Aðeins hundrað bækur um Stínu stórusæng skarta ullarkápunni enda er um takmarkað upplag að ræða. Kápurarnar eru í nokkrum litum en aðeins í einni stærð.

Guðfinna rekur Vík Prjónsdóttur ásamt Brynhildi Pálsdóttur og Þuríði Rós Sigurbórsdóttur. Hún segir þær stöllu hafa gaman af því að taka að sér hlíðarverkefni sem þetta. „Okkur finnst mjög gaman að fara í samstarf sem þetta, það er góð tilbreyting og maður fær tækifæri til að gera nýja og spennandi hluti.“



**SKEMMTILEGT VERKEFNI** Stúlkurnar í Vík Prjónsdóttur hönnuðu einstaka kápu utan um barnabókina Stínu stórusæng.

MYND/ARI MAGG

97.7

Listasafn Reykjavíkur  
29. október - Húsið opnar kl. 19:00

**Maus**  
**Ensimi**  
**Brain Police**  
**Mammút**  
**Kaleo**

Miðasala hafin á MIÐI.is

Domino's THULE

# SJÓNVARPSTILBOÐ

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON



DVB-T DVB-C CI+

Einfalt en gott 32" sjónvarp  
á ómótstæðilegu verði.

#### Myndgæði og eiginleikar

Vandað tæki með 1366x768 punkta  
upplausn og progressive scan ásamt Pure  
Image 2 örgjörva. Nicam Stereó hljóðkerfi.  
Textavarp með 1200 síðna minni

#### Tengimöguleikar

Tækið er vel tengjum búið með 3 HDMI  
tengjum, USB margmiðlunartengi,  
Scart, VGA og heyrnatólstengi ásamt  
CI+ kortarauf.

Thomson 32FU2253

**59.990**

VERÐ ÁÐUR 79.990

Pure  
image2  
Intelligent HD Engine

COLOR  
extender

HIGH  
contrast

DIGITAL  
pure sound

x3  
HDMI

PVR  
READY

multimedia  
USB browser

eco  
mode

*Fleiri sjónvarpstilboð á [sm.is](http://sm.is)*

# Sjónvarpsmiðstöðin

THOMSON

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Vilborg Arna á leið til Papúa Nýju-Gíneu

„Ég er byrjuð að pakka. Ég er alveg rosalega spennt, mig er farið að klæja í fingurna að sjá þetta. Það er tiltölulega stutt síðan menn hættu að borða hver annan í frumskógum Papúa Nýju-Gíneu,“ segir **Vilborg Arna Gissurardóttir**, pólfari og fjallgöngukona.

Á föstudag flýgur Vilborg Arna til London, þar sem hún gistir eina nótt, þaðan liggur leiðin til Balí þar sem hún verður í tvo daga. Frá Balí fer hún til Papúa Nýju-Gíneu þar sem hún ætlar að klífa fjallið Cartensz Pyramid. Á leiðinni á fjallið þarf hún að ganga í sex daga í gegnum frumskóg áður en hún kemst að fjallsrótunum. Þetta útheimtir annan útbúnað en hún er von.

„Ég þarf að pakka regnfötum og gúmmístígvélum auk klifurbúnaðar og hlýrra fata til að vera í á leiðinni upp á toppinn,“ segir Vilborg Arna.

-jme



#### Skilaboð með vindinum

„Var í minni reglulegu kvöldgöngu með hundinn. Ég var að hugsa um Ísland, þjóðfélagsástandið og velta fyrir mér framtíðinni þar sem þessi fallegu skilaboð komu fjúkandi til mín eftir götunni,“ segir Jón Gnarr borgarstjóri í dagbókarfærslu sinni á Facebook. Skilaboðin fallegu hljóma svo: „Þegar þú gengur út í náttúruna finnur þú ferska loftið umkringja þig. Þú andar því að þér, leggst í grasið og lítur upp og finnur hamingju og von. Þú svífur inn í draumalandið og sérð kærleika, ást og umhyggju. Þú þráir væntumþykju og hamingju sem kemur við hjartað í þér.“

Er ekki líffið dásamlegt? spyr borgarstjóri svo.

-jme



#### Mest lesið

- 1 Nýfariinn frá foreldrum sínum með átta mánaða gamalt barn sitt þegar sprengingin varð
- 2 Handtökur á Strawberries vegna gruns um vændiskaup
- 3 Sprenging í einbýlishúsi
- 4 Fimm í gæsluvarðhald í vændiskaupamáli
- 5 Átján ár liðin frá snjóflóðinu á Flateyri

#### Kætum krílin!



Stútfull af hugmyndum

Glæsileg hekluppskriftabók eftir Marín Þórsdóttur

# RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM 50% AFSLÁTTUR!

**CACHE EURO**  
Queen Size (155x203 cm)  
Fullt verð 218.453 kr.

**RÝMINGARVERÐ 109.226 kr.**

**ADEINS 7 RÚM!**

- 5-svæða skipt
- Millistíft / mjúkt
- Frábært verð

**CELESTIAL DIAMOND**  
King Size (193x203 cm)  
Fullt verð 331.231 kr.

**RÝMINGARVERÐ 165.615 kr.**

**ADEINS 4 RÚM!**

- 5-svæða skipt
- Stíft
- Hörku rúm

**STOCKHOLM**  
Queen Size (153x203 cm)  
Fullt verð 163.600 kr.

**RÝMINGARVERÐ 81.800 kr.**

**ADEINS 6 RÚM!**

- Millistíft-stíft
- Besta verðið

**DEVINE PLUSH**  
Queen Size (153x203 cm)  
Fullt verð 282.083 kr.

**RÝMINGARVERÐ 141.041 kr.**

- 5-svæða skipt
- Pokagormakerfi
- Mest selda rúmið síðasta ár

**ADEINS 8 RÚM!**

**BAL HARBOUR**  
King Size (193x203 cm)  
Fullt verð 258.500 kr.

**RÝMINGARVERÐ 129.250 kr.**

**ADEINS 1 RÚM!**

- 5-svæða skipt
- Millistíft
- Góður toppur

**ALPINE**  
King Size (193x203 cm)  
Fullt verð 232.818 kr.

**RÝMINGARVERÐ 116.400 kr.**

**ADEINS 2 RÚM!**

- 5-svæða skipt
- Millistíft, eins og að sofa á skýi

# rekkjan

ATH! FLEST RÚMIN ERU TIL Í FLEIRI STÆRÐUM